



LANDVERND

Ársskýrsla 2017–2018



Efnisyfirlit

Landvernd vex og dafnar	3
Stöðva verður hernaðinn gegn íslensku lindánnum	4
FEE	6
Skólar á grænni grein - Grænfáninn	6
Bláfáninn - alþjóðleg umhverfisvottun	7
I SEE: Erasmus+ þróunarverkefni	7
Vistheimt með skólum	8
Loftslagsverkefni Landverndar	8
Græðum Ísland	9
Hreinsum Ísland	10
Saman gegn matarsóun	11
Er rammaáætlun marklaus?	12
Þjóðgarður á miðhálandinu	13
Starfsfólk Landverndar 2017-2018	14
Stjórn Landverndar 2017-2018	15
Græn pólitik	16
Blekkingar um Hvalárvirkjun á Ströndum afhjúpaðar	18
Ályktanir Landverndar 2017-2018	19
Friðlýsing náttúruminja næstu fimm árin	20
Vindorka - nú er tækifæri til að gera hlutina rétt	22
Kolefnisbinding og stöðvun koltvíoxíðslosunar frá framræstu landi	23
Dr. Jane Goodall og Roots & Shoots	23
Útgáfa Landverndar	24
Viðburðir	25
Efnahagsreikningur 2017-2018	26
Stiklur úr starfi Landverndar	27



Landvernd, landgræðslu- og umhverfisverndarsamtök Íslands er frjáls félagasamtök sem starfa að umhverfismálum til að vernda og bæta lífsgæðin í landinu. Hlutverk Landverndar er að standa vörð um íslenska náttúru og vera virkur þátttakandi í stefnumótun, fræðslu og upplýstri ákvarðanatöku í málum er varða landnotkun, auðlindir og umhverfi. Innan Landverndar eru 44 aðildarfélög um allt land en auk þess eru um 5.100 skráðir félagar. Þessi skýrsla stjórnar var lögð fram á aðalfundi Landverndar 30. apríl 2018.

Ljósmynd á forsiðu: Ónefndur foss í Eyvindarfjarðará á Vestfjörðum. Mynd: Tómas Guðbjartsson
Umbrot og teikningar: Dagný Reykjalín | Blek hönnunarstofa - www.blekhonnun.is
Prentun: Guðjón Ó, vistvæn prentsmiðja.



Ávarp formanns: Landvernd vex og dafnar

Enn eitt farsælt ár er liðið hjá Landvernd þar sem unnið var að fjölmörgum mikilvægum og áhugaverðum verkefnum í þágu náttúru- og umhverfisverndar.

Við hjá Landvernd erum afskaplega stolt af öflugum fræðsluverkefnum sem eru mikilvægt veganesti íslenskra ungmenna inn í framtíðina og vekja almenning og stofnanir til vitundar um umhverfismál. Má þar nefna Skóla á grænni grein þar sem rúmlega 200 skólar á öllum skólastigum taka þátt, Vistheimt í skólum þar sem skólabörn gera rannsóknir og tilraunir á örfoka landi, Loftslagsverkefni Landverndar sem miðar að því að aðstoða sveitarfélög við að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og Græðum Ísland – sjálfbodaliðaverkefni þar sem skólahópum og fyrirtækjum gefst kostur á að vinna að landgræðslu og um leið binda kolefni úr andrúmsloftinu. Alþjóðlega umhverfisviðurkenningin Bláfáninn blakti við hún á fleiri stöðum á síðasta ári en nokkru sinni fyrr og bar vott um framúrskarandi umhverfisstjórnun við haf- og strandsvæði landsins. Landvernd hélt áfram að vekja athygli á matarsóun og plastmengun með því að miðla fróðleik og góðum ráðum út í samfélagið. Plastmengun í hafi er sívaxandi umhverfisvandamál sem ekki síst snertir fiskveiðipjóð og eyrki eins og Ísland. Hreinsun Ísland er átaksverkefni Landverndar í strandhreinun. Landvernd stendur fyrir Norræna strandhreinunardeginum annað árið í röð á vormánuðum þann 5. maí nk. ásamt því að taka þátt í alheimshreinunardegi í september í samstarfi við Bláa herinn. Fræðslu- og umhverfisverndarverkefni Landverndar eru mun fleiri en hér eru nefnd og má lesa nánar um þau í þessari ársskýrslu. Eitt er ljóst að velgengni allra þessara verkefna má þakka úrvals starfsmönnum Landverndar, samstarfsaðilum og sjálfbodaliðum.

Græn pólitík er fyrirferðamikil málefni hjá Landvernd sem oft getur verið erfitt viðfangs. Á árinu tók Landvernd virkan þátt í vinnu við skipulags- og framkvæmdaáætlanir víða um land með því að skrifa umsagnir, ályktanir, móta stefnur og kæra meint lögbrot sem áttu sér stað.

Það veldur áhyggjum hversu illa er staðið að undirbúningi framkvæmda oft og tíðum. Meðal annars skortir grunnrannsóknir eða þá að lítið er gert úr umhverfisáhrifum framkvæmda. Landvernd hefur í því sambandi gagnrýnt það fyrirkomulag að fyrirtæki sem vinna umhverfismat fyrir framkvæmdaraðila eru ekki óháðir aðilar. Orð eins og „raforkuöryggi“ eða „bætt atvinnuástand“ koma oft fyrir í matsskýrslum vatnsaflsvirkjana til að undirstrika að hér sé um að ræða mikla almannahagsmuni. Vissulega þarfnast raforkukerfi landsins víða úrbóta til að tryggja raforkuöryggi en það hefur ekkert með raforkuframléiðslu að gera og enginn raforkuskortur er í landinu. Miðað við höfðatölu er raforkuframléiðsla á Íslandi mun meiri en í nokkru öðru landi í heiminum samkvæmt skýrslu OECD frá 2014 og Norðmenn sem eru í öðru sæti eru einungis hálfdrættingar á við Íslendinga. Virkjanir skapa ekki mörg störf til lengri tíma og það er liðin tíð að vinnuafli við virkjanaf framkvæmdir sé mest megnis Íslendingar.

Ísland er ríkt af náttúrulegum auðlindum sem við þurfum að bera virðingu fyrir og nýta á skynsaman hátt með sjálfbærni að leiðarljósi. Gegndarlaus orkunýting með tilheyrandi óafturkæfu raski á náttúru er ekki til hagsbóta, hvorki fyrir land né þjóð heldur aðeins skammtíma-gróði fárra. Stjórnvöld þurfa að vera ötulli við að fylgja eftir stefnum og áætlunum um náttúruvernd og friðlýsa óbyggð viðerni landsins áður en það verður um seinan.

Umfjöllun um vindorkuvirkjanir á Íslandi hefur aukist án þess að mörkuð hafi verið opinber stefna um hvernig standa beri að uppbyggingu þeirra. Landvernd ákvað því að vinna eigin stefnu- og

leiðbeiningarrit, *Virkjun vindorku á Íslandi*, til afnota fyrir alla. Ritið, sem byggir á náttúruverndarsjónarmiðum með almannahagsmuni að leiðarljósi, kom út í ársbyrjun 2018. Það er von Landverndar að framkvæmdaraðilar, sveitarfélög og aðrir opinberir aðilar geti nýtt sér stefnuritið til að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif vindorkumannvirkja og eins er vonast til að ritið gagnist í almennri umræðu um vindorkuvirkjanir hér á landi.



Á árinu fór fjöldi félagsmanna Landverndar í fyrsta skipti yfir 5000 manns og er ánægjulegt að finna fyrir vaxandi meðbyr og stuðningi almennings á umliðnum árum. Þá hefur Landvernd notið góðs af fjárhagslegum styrkjum frá einstaklingum og velunnurum Landverndar. Á vordögum 2017 var gerður samningur við flugfélagið WOW air þar sem flugfarþegum fyrirtækisins gefst tækifæri á að styrkja Landvernd með fjárframlagi. Allur þessi stuðningur er ómetanlegur fyrir starfseminu og eflir stjórn og starfsmenn samtakanna til áframhaldandi góðra verka í þágu náttúru- og umhverfismála.

Starfsmenn Landverndar eru átta í sex stöðugildum og er mikil þörf á að fjölga þeim enn frekar með vaxandi starfsemi og fjölgun verkefna. Græna pólitíkin verður sífellt umfangsmeiri í starfseminni og er m.a. nauðsynlegt að ráða starfsmenn til að sinna þeim málaflokki eingöngu. Þá er skrifstofa Landverndar fyrir löngu sprungin og þarf að huga að hentugra húsnæði undir starfseminu á komandi starfsári.

Ýmislegt ófyrirséð getur komið upp á eins og Landvernd fékk að kynnst á liðnu ári. Nýkjörinn formaður samtakanna, Snæbjörn Guðmundsson, þurfti frá að hverfa haustið 2017 vegna veikinda og tók varaformaður við starfi hans. Í lok ársins yfirgaf Guðmundur Ingi Guðbrandsson framkvæmdastjóri Landverndar til sex ára samtökin með nánast engum fyrirvara til að taka við embætti umhverfis- og auðlindaráðherra. Skömmu síðar var lögfræðingur Landverndar, Sif Konráðsdóttir, ráðin aðstoðarmaður hans. Stjórn og samstarfsfólk samglöddust þeim síðarnefndu vissulega og óskuðu velfarnaðar á nýjum og mikilvægum vettvangi en óneitanlega setti brottför þeirra ýmis verkefni Landverndar í vandasama stöðu. Þá kom í ljós samtakamáttur starfsmanna og stjórnar Landverndar sem í sameiningu leystu málin eftir bestu getu. Salome Hallfréðsdóttur, sérfræðingi á Landvernd til fimm ára, var boðið að gegna stöðu framkvæmdastjóra tímabundið og er stjórn Landverndar henni afar þakklát fyrir að hafa tekið starfið að sér. Nú hefur verið ráðinn nýr framkvæmdastjóri, Auður Önnu Magnúsdóttir, sem tekur til starfa 1. maí 2018.

Á næsta ári, 2019, verður Landvernd 50 ára. Undirbúningur er að hefjast og verður allt kapp lagt á að gera afmælisárið bæði viðburðaríkt og eftirminnilegt í alla staði.

Ég vil þakka starfsmönnum og stjórn Landverndar fyrir mikilvægt og óeigingjarnt starf á liðnu ári. Ég þakka Snæbjörni, formanni samtakanna, fyrir gott og ánægjulegt samstarf og óska Guðmundi Inga og Sif farsældar í nýjum störfum. Þá vil ég þakka félagsmönnum, velunnurum, sjálfbodaliðum, samstarfsaðilum og styrktaraðilum ómetanlegan stuðning við samtökin.

Í lokin óska ég landsmönnum öllum gleðilegs sumars í náttúru Íslands.

Lovisa Ásbjörnsdóttir
formaður Landverndar



Stöðva verður hernaðinn gegn íslensku lindánnum

„Lindavötn á Íslandi og hraunumhverfi þeirra eiga vart sinn líka í Evrópu hvað varðar umfang og eðlis- og efnaeiginleika, sem grundvallast á berggerðinni, hinu unga, hripleka basalhrauni.“

(Aagot Óskarsdóttir (ritstj.) 2011. Hvítbók um náttúruvernd. Umhverfiráðuneytið, Reykjavík.)

Um mikilvægi lindáa

Lindasvæði og lindár eru óvída ef nokkurs staðar í heiminum jafn stór og mikilvægur þáttur í vatnafari og lífríki og hér á landi. Stærstu lindasvæðin er að finna á gosbeltinu þar sem regnvatnið sígur hratt niður í hriplek nútímahraun og vikursanda og rennur neðanjarðar langar leiðir þar til það sprettur fram í uppsprettum og lindum. Öfugt við dragár og jökulár er vatnsmagn og hitastig lindáa tiltölulega jafnt árið um kring. Vatn þeirra er tært, bakkarnir grónir niður að vatnsborði og blómskrýddir hólmar setja oft svip sinn á þær. Lindár eru líka auðugar af steinefnum sem vatnið leysir úr læðingi á leið sinni um gljúp hraunin. Af þessum sökum eru lindár afar frjósöm vistkerfi, auðug af smádýralífi, fiskum og vatnafuglum.

Tvær af heimsins stærstu lindám í uppnámi vegna „smávirkjana“

Áform eru uppi um vatnsaflsvirkjanir í tveimur af stærstu lindám Íslands og heimsins. SSB Orka hyggst virkja Svartá í Bárðardal og HS Orka hyggst virkja Tungufljót í Árnessýslu. Samkvæmt Hvítbók um náttúruvernd (2011) er Haukadalur í fimmta sæti yfir vatnsmestu lindasvæði Íslands og Svartá í því sjöunda. Báðar eru

því meðal 10–15 stærstu lindavatnskerfa í heimi, á pari við Silver Springs í Bandaríkjunum og stærri en nokkurt lindasvæði í Evrópu. Í báðum tilvikum er um „smávirkjun“ að ræða skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, þ.e. virkjun innan við 10 MW.

Svartá í Bárðardal sameinar rennsli samnefndrar ár úr Svartárvatni og Suðurár með upptök í Suðurárbotnum. Næringarauðugt vatn árið er upphaflega úrkoma sem fallið hefur á Ódáðahraun. Svartá fellur í Skjálfandafljót sem fékk þriðja hæsta verðmætamat allra vatnasviða sem komu til mats í 3. áfanga rammaáætlunar. Áin, sem kemur næst Laxá í Aðaldal og Soginu að frjósemi, hefur alþjóðlegt gildi sem fuglasvæði vegna hús- og straumandar og geymir merkilegan urriðastofn. Svæðið er paradís veiðimanna og annars útivistarfólks. Mótvægisáðgerðir sem virkjunaraðilar settu fram í frummatsskýrslu eru langt í frá að vera sannfærandi. Þær munu að öllum líkindum ekki geta bjargað ánni frá því að þorna upp tímabundið á um þriggja km kafla neðan stíflu með „algjörrri eyðileggingu vistkerfis árið á þeim kafla og alvarlegum áhrifum neðan útfalls virkjunarinnar“ eins og segir í athugasemdum Verndarfélags Svartár við frummatsskýrslu um framkvæmdina.



Svartá í Bárðardal. Mynd: Jón Aðalsteinn Þorgeirsson



Tungufljót í Biskupstungum. Mynd: Magnús Jóhannsson

Í umsögn Náttúruverndarnefndar Þingeyinga segir „það yrði Íslendingum, ekki síst Þingeyingum sem á sínum tíma vörðu Mývatn og Laxá, mikill álitshnekkir að heimila slíka framkvæmd í ljósi sérstöðu svæðisins og ótvíræðs verndargildis. Í stað virkjunar leggur nefndin til að hafinn verði undirbúningur að friðlýsingu vatnasviðs Svartár og Suðurár“. Landvernd tekur heils hugar undir þetta enda sendu samtökin inn harðorða umsögn um framkvæmdina í október 2017. Beðið er álits Skipulagsstofnunar.

Tungufljót í Árnassýslu á upptök sín í miklu lindasvæði í Haukadals. Rétt við virkjunarsvæðið er aðalvatnstökusvæði Bláskógabyggðar og því miklir almannahagsmunir í húfi fari eitthvað úrskaiðis. Framkvæmdasvæðið er ósnortið, á náttúruminjaskrá og þar er að finna náttúrulegan birkiskóg og votlendi, sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Fyrirhugað er að byggja um 600 m langa og allt að 12 m háa stíflu og gera tæpra níu hektara uppistöðulón í landi Haukadals, auk nýs vegar, veituskurða og raflína á um 20 km leið. Skipulagsstofnun telur áhrif framkvæmdarinnar á ásýnd, landslag og gróður talsvert neikvæð. Þrátt fyrir það endurútgaf Bláskógabyggð framkvæmdaleyfi fyrir virkjuninni í febrúar 2018. Landvernd og Náttúruverndarsamtök Suðurlands kærðu leyfið í annað sinn í apríl 2018 á þeim forsendum að stjórnsluákvörðun Bláskógabyggðar standist hvorki formné efniskröfur. Samtökin telja til að mynda að framkvæmdin uppfylli ekki skilyrði um brýna almannahagsmuni, eins og krafist er í náttúruverndarlögum, og að Bláskógabyggð hafi brotið rannsóknarreglu stjórnsýslulaga varðandi það að upplýsa um möguleg áhrif framkvæmdarinnar á mikilvæga almannahagsmuni,

helsta neysluvatnsbrunn sveitarinnar. Þá brýtur framkvæmdaleyfið klárlega í bága við gjafabréf Kristian Kirk sem gaf ríkinu jörðina Haukadals til friðunar og skógræktar, ekki til virkjunarframkvæmda.

Friðlýsum lindárnar

Af framansögðu má vera ljóst að virkjunaraðilar, og því miður stundum með aðstoð sveitarstjórna, skeyta hvorki um skömm eða heiður í viðleitni sinni við að græða á alþjóðlega mikilvægum lindám Íslands.

Í ofanefndri Hvítbók um náttúruvernd er lögð áhersla á að vernda verðmætustu lindasvæði landsins á þann hátt að hvorki verði spillt vatnsgæðum né umhverfi lindanna. Þar er líka bent á að sjó af ellefu stærstu lindasvæðum landsins njóta engrar sérstakrar verndar. Brýning Hvítbókarinnar hefur ratað inn í núgildandi náttúruverndarlög nr. 60/2013, 55. gr., þar sem segir að ráðherra sé heimilt „að friðlýsa heil vatnakerfi, þar á meðal lindasvæði og lítt snortin og ómiðluð vatnasvið“ séu þau ekki þegar flokkuð í nýtingarflokk eða biðflokk verndar- og orkunýtingaráætlunar (rammaáætlunar). Í lögnum segir enn fremur að friðlýsingin geti miðað að því að varðveita vatnslindir til framtíðar, tryggja náttúrulega ferla og vistfræðilega samfellu og standa vörð um ásýnd og vistfræðilegt þjónustuhlutverk vatnasviða.

Landvernd skorar á umhverfis- og auðlindaráðherra að virkja þetta ákvæði og friðlýsa hið allra fyrsta stærstu lindavatnssvæði landsins gagnvart orkuvinnslu. Jafnframt skorar Landvernd á orkufyrirtæki og sveitarstjórnir að láta af hernaði gegn þessum djásnum landsins.



FEE

Foundation for Environmental Education (FEE) eru alþjóðleg samtök sem stofnuð voru árið 1981. Markmið samtakanna er að stuðla að sjálfbærni í gegnum menntun. Landvernd gerðist aðili að samtökunum árið 2000 og starfrækir tvö af fimm menntaverkefnum FEE: Skóla á grænni grein (Grænfánann) frá 2001 og Bláfánann frá 2002. Á árunum 2015-2017 sá Landvernd einnig um Græna lykilinn en féll frá því verkefni vegna anna og skorts á fjármagni til verkefnisins. Önnur verkefni sem FEE rekur en eru ekki starfrækt hér á landi eru Skógarverkefni fyrir skóla og Ungir umhverfisblaðmenn. Félagasamtök í 76 löndum um allan heim eiga aðild að FEE.



Skólar á grænni grein eru um allt land. Leikskólar eru grænir, grunnskólar eru bláir, framhaldsskólar rauðir og háskólar gulir.




Skólar á grænni grein – Grænfáninn

Skólar á grænni grein eru alþjóðlegt verkefni sem rekið er í 68 löndum og taka 19 milljónir nemenda í 51 þúsund skólum þátt. Samkvæmt úttekt UNESCO er verkefnið stærsta innleiðingartæki menntunar til sjálfbærni í heiminum í dag.

Verkefnið byggir á því að styðja við getu nemenda til að taka upplýstar, aðgerðamiðaðar ákvarðanir um sjálfbærni í skólum sínum, nærumhverfi og samfélagi. Til að svo geti orðið þarf allt skólasamfélagið að vinna saman að markmiðum til að bæta stöðu umhverfismála í skólanum og hafa áhrif á nærsamfélagið utan hans.

Landvernd rekur verkefnið með það að markmiði að leiða skóla í faglegri og árangursríkri vinnu með sjálfbærni í víðum skilningi að leiðarljósi. Lögð er áhersla á tengsl verkefnisins við aðalnámskrár leik-, grunn- og framhaldsskóla, grunnpætti menntunar í aðalnámskrá og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Íslensk stjórnvöld hafa skuldbundið sig til að uppfylla alþjóðasamninga, líkt og Heimsmarkmiðin, Parísarsamkomulagið og fleiri samninga. Með þátttöku í verkefninu geta skólar því uppfyllt hluta af skuldbindingum Íslands í alþjóðlegu samhengi. Á næstu árum hyggst Landvernd gera tengingu verkefnisins við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna enn sýnilegri.



Dökkar súlur sýna fjölda nemenda í Skólum á grænni grein en ljósar súlur nemendur sem ekki taka þátt í verkefninu.

Rúmur þriðjungur nemenda á Íslandi með í verkefninu
Í lok árs 2017 voru 181 skóli skráður í verkefnið hér á landi á 204 starfsstöðvum, þar af höfðu 149 fengið grænfánaviðurkenninguna, eða um 73%. Heildarfjöldi nemenda í verkefninu var um 43 þúsund og kennara um 5 þúsund og tekur rúmur þriðjungur nemenda á Íslandi þátt í verkefninu. Á árinu fóru fram 47 úttektir og fánaafhendingar.

Viðaukasamningur 2017 og ný þriggja ára áætlun

Vegna sviptinga hjá stjórnvöldum landsins tókst ekki að gera þriggja ára samning við styrktarráðuneyti um rekstur verkefnisins líkt og stefnt hafði verið að. Þess í stað var undirritaður viðaukasamningur sem tryggði rekstur verkefnisins árið 2017. Samningaviðræður við ráðuneytin hafa hafist að nýju og liggur ný þriggja ára áætlun fyrir tímabilið 2018-2020 þeim til grundvallar. Helstu markmið næstu ára eru að efla almenna fagþjónusta, að efla sjálfbærni menntun á Íslandi auk þess að auka og dýpka skilning og getu til aðgerða í aðkallandi umhverfismálum eins og loftslagsbreytingum. Þá er stefnt að fjölgun skóla á tímabilinu.

Verkefnisstjóri Skóla á grænni grein er Margrét Hugadóttir, Caitlin Wilson starfar einnig við verkefnið og Katrín Magnúsdóttir er í hlutastarfi en tekur við verkefnastjórn á árinu að nýju.



Frá grænfánaafhendingu í Menntaskólanum á Akureyri. Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfisráðherra og fyrrverandi framkvæmdastjóri Landverndar afhendir fánann



Bláfáninn – alþjóðleg umhverfisvottun

Starfsárið 2017-2018

Fjórtán aðilar flögguðu Bláfánanum á Íslandi árið 2017 eftir að hafa farið í gegnum strangt umsóknarferli og staðist úttekt starfsmanna og stýrihóps Bláfánans. Aldrei hafa fleiri sveitarfélög og fyrirtæki sótt um Bláfánann. Ljóst er að mikill áhugi er fyrir vottuninni, enda mikilvægt tól fyrir umhverfisstjórnun, öryggi- og slysavarnir, eykur fræðslu um umhverfismál og stuðlar að vernd haf- og strandsvæða.

Bláfánahandhafar 2017

Þrjár strendur, sex smábátahafnir og fimm aðilar í sjálfbærri sjávarferðamennsku með yfir þrjátíu báta flögguðu Bláfánanum í fyrra. Við óskum þeim öllum til hamingju en handhafar Bláfánans eru: Bláa lónið, Ylströndin í Nauthólsvík, Langisandur á Akranesi, smábátahöfnin á Borgarfirði eystri, smábátahöfnin á Bildudal, smábátahöfnin á Patreksfirði, Fossvogshöfn í Kópavogi, smábátahöfnin í Stykkishólmi, smábátahöfnin á Suðureyri og hvalaskoðunarfyrirtækin Ambassador, Whale Safari, Elding, Sérferðir og Norðursigling.

Alþjóðlegt eftirlit

Starfsmenn Blue Flag International, sem rekur verkefnið á alþjóðavettvangi, komu hingað til lands í nóvember 2017 og sinntu alþjóðlegu eftirliti ásamt verkefnisstjóra Bláfánans. Alþjóðlegt eftirlit er framkvæmt á u.þ.b. þriggja ára fresti á Íslandi, en annað hvert ár í löndum með fleiri handhafa. Það er framkvæmt til að tryggja samræmi og gæði verkefnisins um heim allan.

Þróun verkefnisins

Til stendur að fjölga þátttakendum í Bláfánaverkefni Landverndar enda er góð reynsla komin á verkefnið og ávinningur af þátttöku mikill fyrir

sveitarfélög og fyrirtæki. Hildur Hafbergs, meistaranemi í umhverfis- og auðlindafræði við Háskóla Íslands, gerði könnun síðastliðið haust meðal sveitarfélaga um viðhorf til Bláfánans m.t.t. fjölgunar þátttakenda. Af þeim 24 sveitarfélögum sem fengu könnunina senda, svöruðu 17. Svörin voru að mestu jákvæð og munu aðstoða verkefnisstjóra Bláfánans við að nálgast nýja þátttakendur.

Á árinu 2018 er áætlað að koma upp rafrænu umsóknarferli og gagnagrunni fyrir Bláfánann og mun það líklega hjálpa til við að afla nýrra þátttakenda í verkefnið.

Verkefnisstjóri Bláfánans er Sigríður Bylgja Sigurjónsdóttir en hún tók við af Salome Hallfreðsdóttur, starfandi framkvæmdastjóra Landverndar, í lok ársins 2017. Salome hafði sinnt verkefnisstjórninni með miklum sóma frá árinu 2012 og stuðlað að fjölgun handhafa úr þremur í fjórtán. Salome eru færðar bestu þakkir fyrir vel unnin störf í þágu verkefnisins.



Elding, Sérferðir og Whale Safari fá afhentan Bláfánann fyrir aðila í sjálfbærri sjávarferðamennsku.

I SEE: Erasmus+ þróunarverkefni í framhaldsskólakennslu um loftslagsbreytingar

Landvernd, ásamt Menntaskólanum við Hamrahlíð (MH) og aðilum frá Ítalíu, Bretlandi og Finnlandi, taka þátt í I SEE verkefninu sem styrkt er af Erasmus+ áætluninni. Markmið verkefnisins er að þróa kennslufræðilegar leiðir til að takast á við flókin en mikilvæg mál, á borð við loftslagsbreytingar, í framhaldsskólum. Skólar á grænni grein leggja áherslu á eflingu verkefnisins á framhaldsskólastigi og er I SEE þáttur í því.

Sumarskóli á Ítalíu

Þann 5.-9. júní 2017 var haldinn sumarskóli í Bologna á Ítalíu sem átta nemendur og tveir kennarar frá MH sóttu ásamt jafnmörgum nemendum og kennurum frá Ítalíu og Finnlandi. Í sumarskólanum voru prófaðar kennsluáðferðir sem byggja upp hæfni nemenda til að sjá fyrir sér framtíðarlausnir við loftslagsbreytingar. Í kjölfarið voru tekin viðtöl við nemendurna og eru þau gögn nú í vinnslu.

„Ekki hræða heldur fræða“

Eftir sumarskólann voru tveir þátttakendur úr MH fengnir til að halda erindi á Umhverfisþingi í október 2017. Bríet Felixdóttir og Saga Rut Sunnevudóttir sögðu þar frá viðhorfi ungs fólks til umhverfismála og komu með tillögur til stjórnvalda um að efla og bæta menntun um umhverfismál á öllum skólastigum. Eitt það mikilvægasta í því samhengi var, líkt og þær orðuðu það: „Ekki hræða heldur fræða“.

Kennsla um kolefnisbindingu

Landvernd og MH vinna nú áfram saman að þróun og prufukeyrslu kennsluefnis um kolefnisbindingu. Sandra Ósk Snæbjörnsdóttir hjá CarbFix og Sulffix verkefnum Orkuveitu Reykjavíkur kemur að verkefninu með sérfræðiþekkingu sína um bindingu í bergi.

Verkefnið stendur til ársins 2019 og lýkur með útgáfu kennslupakka um loftslagsbreytingar, kolefnisbindingu og fleiri viðfangsefni.



Þátttakendur í sumarskóla I SEE í Bologna á Ítalíu sumarið 2017



Vistheimt með skólum

Vistheimtarverkefni Landverndar hefur verið starfrækt frá árinu 2013 í samstarfi við Landgræðslu ríkisins. Í verkefninu er lögð áhersla á þátttöku nemenda í rannsóknum og vistheimtaraðgerðum heima í héraði. Verkefnið er liður í að efla þekkingu og getu grænfánaskóla til að takast á við flóknari umhverfismál eins og loftslagsbreytingar og tap á lífbreytileika. Verkefnið var mótað í samstarfi við þrjá grænfánaskóla: Grunnskólann Hellu, Hvolsskóla og Þjórsárskóla. Fimm skólar til viðbótar hafa bæst í hópinn, þar á meðal þrír framhaldsskólar. Nemendur í Hvolsskóla hófu jafnframt vinnu við endurheimt birkiskógar við Þjófafoss í Þjórsá vorið 2017 og munu allir skólar í verkefninu fá úthlutað svæði til að græða upp. Þessi hluti verkefnisins er unninn í samstarfi við Hekluskála.

Votlendi

Nemendur í Þelamerkurskóla hafa síðastliðin tvö ár tekið þátt í mælingum á vatnsstöðu vegna endurheimtar votlendis á Hólum í Öxnadal. Eftir að nemendurnir höfðu mælt vatnsstöðuna haustið 2016 var mokað ofan í skurðina. Mælingarnar voru svo endurteknaðar haustið 2017 og verða gerðar árlega. Verið er að leggja línurnar að votlendisverkefni þar sem nemendur Menntaskólans við Hamrahlíð munu mæla árangur endurheimtar votlendis í landi Reykjavíkurborgar.

Námsefni fyrir miðstig

Námsefnið *Vistheimt á gróðursnaudu landi* fyrir miðstig grunnskóla var gefið út á árinu 2017, en það er verkefnahefti um tilraunir í vistheimt og endurheimt lands, úrvinnslu gagna og vistfræðilega þýðingu. Kennsluefnið var styrkt af Þróunarsjóði námsgagna og mun



Nemendur í Stórutjarnaskóla meta gróðurþekju

gagnast þeim grunnskólum sem eru þátttakendur í Vistheimtarverkefni Landverndar. Námsefnið, sem er á rafrænu formi, verður endurbætt reglulega og mun auðvelda aðkomu nýrra skóla að verkefninu.

Rannveig Magnúsdóttir er verkefnisstjóri Vistheimtarverkefnis Landverndar

Loftslagsverkefni Landverndar

Landvernd hefur frá árinu 2013 unnið að þrepaskiptu, aðgerðamiðuðu loftslagsverkefni með íslenskum sveitarfélögum sem miðar að því að draga úr útlosun gróðurhúsalofttegunda. Verkefnið byggir á fyrirmynd frá dönsku náttúruverndarsamtökunum.


Sveitarfélög í verkefninu

Settur var fram aðgerðarammi fyrir verkefnið í fimm skrefum og hófst prufukeyrsla hans árið 2013 í samvinnu við Sveitarfélagið Hornafjörð og lauk með samningi um aðgerðir í loftslagsmálum í mars 2016. Sveitarfélagið vinnur að því að draga úr útlosun gróðurhúsalofttegunda um a.m.k. 3% á ári á þremur sviðum, þ.e. samgöngum, raforkunotkun og úrgangi. Stefnt er að enn frekari samdrætti eftir endurskoðun aðgerðaáætlunar árið 2018. Sveitarfélagið Fljótsdalshérað hefur safnað grunnlínugögnum síðastliðin ár og er stefnt að undirskrift samnings við sveitarfélagið á árinu 2018. Jafnframt er stefnt að því að bæta við fleiri sveitarfélögum á næstu árum.

Leiðbeiningaritið Öndum léttar

Á árinu 2017 var leiðbeiningaritið *Öndum léttar* gefið út sem ætlað er nýjum þátttakendum í verkefninu. Með ritinu, sem inniheldur gátlista og leiðbeiningar fyrir sveitarfélög í verkefninu, ætti þátttaka komandi sveitarfélaga að ganga hraðar og betur fyrir sig. Verkefnið var kynnt á loftslagsfundi Festu í Hörpu í september 2017.

Rannveig Magnúsdóttir er verkefnisstjóri loftslagsverkefnis Landverndar.





Græðum Ísland

Árangursríkt fyrsta ár og stefnir í stærra annað ár

Græðum Ísland, eða CARE-Rewilding Iceland eins og verkefnið kallast á ensku, er sjálfbóðaliðaverkefni í landgræðslu þar sem hópum gefst kostur á að leggja sitt af mörkum í að bæta gróður- og jarðvegsauðlind landsins. Verkefninu var hleypt af stokkunum á aðalfundi Landverndar þann 13. maí 2017 með athöfn og gróðursetningu í Hekluslógunum við Þjófafoss. Um 60 manns tóku þátt, bæði félagsmenn Landverndar og nemendahópar frá Bandaríkjunum og Þýskalandi. Aðstandendur verkefnisins tóku fyrstu skóflustungur við Þjófafoss, en verkefnið er unnið í samstarfi við Hekluslóga og Landgræðslu ríkisins.

Mikil og vaxandi þátttaka

Verkefnið var prufukeyrt árið 2017 og var þá styrkt sérstaklega af Bandaríska sendiráðinu á Íslandi til að efla menningartengsl landanna sem og að styðja náttúruvernd og mótvægisáðgerðir gegn loftslagsbreytingum. Markmið þess árs var að fara í sex ferðir með hópa af sjálfbóðaliðum. Verkefnið gekk vonum framár en samtals voru farnar 11 ferðir árið 2017. Styrkir frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, Ferðafélagi Íslands og WOW air gerðu Landvernd kleift að taka á móti öllum þeim hópum sem höfðu áhuga. Á árinu 2018 eru 20 ferðir áætlaðar.

14.000 tonn af koltvíoxíði bundin til framtíðar

Alls unnu um 250 manns við áburðargjöf, gróðursetningu birkis og fræsöfnun. Um 16.000 birkiplöntur voru gróðursettar á um 40 hektara svæði sunnan við Þjófafoss í Hekluslógunum og áburði dreift á það svæði. Ef miðað er við meðalkolefnisbindingu birkis, jarðvegs, lífræns efnis og annars gróðurs, dreifingu birkis og meðallíftíma þess, þá verða bundin 14.000 tonn koltvíoxíðs á svæðinu sem unnið var á árið 2017.

Þróun verkefnisins til langtíma

Þrjú starfsmenn úr Umhverfis- og auðlindafræði við Háskóla Íslands voru fengnir til að vinna verkefni við þróun Græðum Ísland. Anna Balafina gerði spurningalista fyrir þátttakendur til að kanna hvað þeim fannst um sjálfbóðavinnuna, skipulagið hjá Landvernd og fræðslugildi ferðarinnar. Edite Fiskovica vann könnun meðal fyrirtækja og ferðabjónustuaðila til að fá upplýsingar um áhuga einkageirans á að bjóða upp á þátttöku í sjálfbóðavinnu. Dominika Skwarska gerði spurningalista fyrir landeigendur á ógrónum svæðum, þar sem ekki er hægt að nota hefðbundin tæki til landgræðslustarfa, til að kanna áhuga á að leyfa landgræðslu með sjálfbóðaliðum á sínu landi. Einnig fór Guðmundur Ingi Guðbrandsson í könnunarferðir til að meta möguleg ný svæði hjá Landgræðslunni til að útvíkka verkefnið. Farið var í Hítardal á Mýrum, Sauðafell sunnan Jökulsárgljúfurs, Ássand norðan Jökulsárgljúfurs og Leiðvöll á Meðallandi. Sauðafellssvæðið verður prufukeyrt í ár.

Kynningarmyndband fyrir verkefnið var gert af Höllu Björgu Randversdóttur til að vekja athygli á verkefninu og auglýsa fyrir mögulegum þátttakendum.

Fræðslugildi einn mikilvægasti þáttur verkefnisins

Verkefnið felur ekki bara í sér vinnu við landgræðslu heldur einnig fræðslu um sögu landeyðingar og uppgræðslu á Íslandi og fræðslu um vistheimt, lífbreytileika og loftslagsbreytingar, en farið er með hópa í Sagnagarð, fræðslusetur Landgræðslunnar, þegar tími gefst. Fræðslubæklingur fyrir þátttakendur var gerður fyrir árið 2018 til að styðja við fræðslu á vettvangi, en hann var unninn með sérfræðiaðstoð frá Kristínu Svavarsdóttur hjá Landgræðslunni.

Svör aðspurðra þátttakenda sýna fram á mikilvægi fræðslunnar, enda gerir hún vinnuna þýðingameiri:

"Love all the amazing facts and knowledge I've learned, especially from the soil conservation! It was really nice as well to know that we were giving back to the environment that we damaged from our trip over to Iceland."

"I learned a lot from the soil conservation area in regards to what the problem is and how to fix it!"

"Very eye-opening experience, thank you!"



Hópur bandarískra nemenda eftir gróðursetningu á vegum Græðum Ísland ásamt Guðmundi Inga Guðbrandssyni þáverandi framkvæmdastjóra Landverndar



Snorri Baldursson (fyrirverandi formaður Landverndar), Jill Esposito (Chargé D'Affaires, Bandaríska sendiráðinu á Íslandi), Caitlin Wilson (verkefnisstjóri Græðum Ísland), Sveinn Runólfsson (landgræðslustjóri 1972-2016 og verndari Græðum Ísland), Hreinn Óskarsson (Skógrækt ríkisins), Árni Bragason (landgræðslustjóri), Snæbjörn Guðmundsson (formaður Landverndar), og Guðmundur Ingi Guðbrandsson (þáverandi framkvæmdastjóri Landverndar).



Hreinsum Ísland

Á liðnu ári hleypti Landvernd af stokkunum verkefni sem beinir sjónum að plastmengun í hafi, einni stærstu áskorun nútímans í umhverfismálum. Með verkefninu hvetur Landvernd fólk til að hreinsa strandlengjur landsins og koma í veg fyrir að meira plast lendi í sjónum. Áhersla er lögð á að draga úr notkun einnota plastumbúða, kaupa minna af plasti, endurvinna og hreinsa plast úr náttúrunni.

Strandhreinsanir

Á síðastliðnu ári var 41 hreinsun skráð í átakið Hreinsum Ísland og tók fólk til hendinni víða um land. Tvær stórar strandhreinsanir fóru fram á árinu, á Norræna strandhreinsunardeginum, þann 6. maí, tóku um 200 einstaklingar höndum saman og hreinsuðu samtals 3.300 kg af rusli á Snæfellsnesi. Á Alþjóðlega strandhreinsunardeginum, þann 16. september sem er jafnframt Dagur Íslenskrar náttúru, stóðu Vatnajökulspjöldgarður og Sveitarfélagið Hornafjörður ásamt fleiri aðilum fyrir strandhreinsun og söfnuðust 13.390 kg af rusli. Um fimmtíu manns tóku þátt og má því segja að hver og einn hafi lyft grettistaki.

Plastáskorun Landverndar

Landvernd skoraði á almenning á síðasta ári að minnka plastnotkun sína og var plastáskorunin birt á vef Landverndar. Enn er hægt að taka áskoruninni og má jafnframt skora á vini og vandamenn að gera slíkt hið sama. Plastáskorunina er að finna á vef Landverndar undir vefslóðinni: <http://plastaskorun.landvernd.is>

Umhverfismennt er samtvinnuð öllum verkefnum Landverndar

Á árinu stóð Landvernd fyrir framleiðslu fjölbreytts fræðsluefnis um plastmengun í hafi. Í haust fengu allir skólar landsins sent námsefni um Alþjóðlega strandhreinsunardaginn 16. september. Að auki voru framleiddar stuttar fræðslumyndir með Ævari Þór Benediktssyni og stutt myndskreið með Þjóðráðum Landverndar þar sem sýnikennsla á gerð fjölnotapoka úr gömlum bol annars vegar og dagblöðum hins vegar voru kennd á einfaldan hátt.



Um 50 sjálfboðaliðar tóku þátt í strandhreinsun Vatnajökulspjöldgarðs og Sveitarfélagsins Hornafjarðar á alþjóðlega strandhreinsunardeginum, sem jafnframt er Dagur Íslenskrar náttúru, þann 16. september síðastliðinn



Samtals var 41 strandhreinsun skráð í strandhreinsunarátaki Landverndar Hreinsum Ísland á árinu 2017, kortið sýnir hvar á landinu hreinsanirnar fóru fram



Hreint haf með Grunnskóla Snæfellsbæjar

Landvernd og Grunnskóli Snæfellsbæjar snéru bókum saman síðastliðið haust og vinna nú að þróunarverkefninu *Hreint haf – ungt fólk gegn plastmengun í hafi*. Skólinn er þátttakandi í Skólum á grænni grein og vinnur starfsfólk Landverndar, í samvinnu við nemendur og starfsfólk skólans, að þróun þessa nýja verkefnis en það mun gagnast öðrum skólum í vitundarvakningu um hafið og plastmengun í hafi.

Markmið verkefnisins er að nemendur læri um mikilvægi hafsins í viðum skilningi, um mengun sjávar af völdum plasts, um áhrif plasts á lífríkið, hvernig takast skuli á við orsakir vandans og hvernig koma megi í veg fyrir áframhaldandi mengun.

Verkefnið nýtist vel í strandhreinsunaráttaki Landverndar, Hreinsum Ísland. Starfsfólk Landverndar er þakklátt fyrir samstarfið og hlakkar til að miðla efninu til annarra skóla.



Nemendur í Grunnskóla Snæfellsbæjar hreinsa rusl

Saman gegn matarsóun

Árið 2013 hóf Landvernd að vinna markvisst að vitundarvakningu um betri nýtingu matvæla. Áherslan var í fyrstu lögð á að ná til almennings með hinu norræna Zero Waste verkefni sem stýrt var af Landvernd og unnið í samvinnu við Kvenfélagsamband Íslands og samtökin Vakandi. Árið 2015 fór Landvernd í samstarf við Reykjavíkurborg og vann forrannsókn sem sýndi að matvælum fyrir 4,5 milljarða króna er hent árlega af reykvískum heimilum. Í framhaldinu héldu Landvernd og Reykjavíkurborg áfram samstarfi og réðust í átak gegn matarsóun inni á vinnustöðum borgarinnar. Landvernd er hluti af samstarfshópi um matarsóun hérlendis. Upplýsingar um starfið má finna á vefsíðu hópsins, matarsoun.is.

Námsefni um matarsóun

Þörfin fyrir námsefni um matarsóun og leiðir til að sporna gegn henni er mikil. Landvernd vinnur nú að þróun námsefnis um matarsóun sem ætlað er grunnskólanemendum á miðstigi. Námsefnið tekur til helstu þátta matarsóunar, orsaka hennar og afleiðinga. Nemendur sem nýta námsefnið mæla og fylgjast með matarsóun í skólanum og finna leiðir til að sporna gegn henni. Námsefnið er styrkt af þróunarsjóði námsgagna.

Á árinu voru haldin fjölmörg erindi um matarsóun um land allt fyrir nemendur, kennara, fyrirtæki og almenning.

Rannveig Magnúsdóttir er verkefnisstjóri matarsóunarverkefnis Landverndar.





Er rammaáætlun marklaus?

Verkefnisstjórn 4. áfanga rammaáætlunar um vernd og orkunýtingu landsvæða var skipuð fyrir rúmu ári, í apríl 2017, og hefur verið að störfum síðan þá. Á þeim tíma beið tillaga verkefnisstjórnar 3. áfanga umfjöllunar Alþingis og bíður enn. Þegar verkefnisstjórn 4. áfanga rammaáætlunar var skipuð var heldur ekki búið að friðlýsa eitt einasta svæði í verndarflokki 2. áfanga rammaáætlunar, sem samþykktur var á Alþingi í janúar 2013. Nú fimm árum síðar hefur enn ekkert gerst þótt skýrt sé kveðið á um það í 6 gr. laga um rammaáætlun nr. 48/2011 að „Stjórnvöld skulu þegar Alþingi hefur samþykkt verndar- og orkunýtingaráætlun hefja undirbúning að friðlýsingu landsvæða sem ástæða þykir til að friðlýsa gagnvart orkuvinnslu samkvæmt verndarflokki áætlunarinnar“. Umhverfisstofnun hefur verið að skoða friðlýsingu Kerlingarfjalla um þriggja ára skeið og sætir furðu að ekki gangi hraðar að friðlýsa þjóðareign í umsjá ríkisins.

Meðan ekkert gengur í friðlýsingum hafa orkufyrirtæki aftur á móti unnið ótrauð að því að undirbúa virkjanir í orkunýtingarflokki, sbr. Þeistareyki í Þingeyjarsýslu, Hvalárvirkjun á Ströndum, Hvammsvirkjun í Þjórsá og nú síðast Eldvörp á Reykjanesi.

Það sem er jafnvel enn alvarlegra í stöðunni er að ríkisstofnunin Orkustofnun hefur gefið út rannsóknarleyfi fyrir virkjun í Djúpa á Síðu þrátt fyrir að vatnasvið árinna sé í verndarflokki rammaáætlunar. Í 6. gr. laga um rammaáætlun nr. 48/2011 segir að stjórnvöldum sé „ekki heimilt að veita leyfi tengd orkurannsóknnum eða orkuvinnslu vegna virkjunarkosta sem eru í verndarflokki eða eru á svæðum sem ástæða er talin til að friðlýsa gagnvart orkuvinnslu“. Því er hér, að mati Landverndar, um klárt lögbrot að ræða. Rök stofnunarinnar eru þau að um sé að ræða nýjan virkjunarkost sem ekki hafi verið metinn og að hann lúti því sjálfkrafa lögmálum biðflokks. Þetta er sérkennileg túlkun á lögum um rammaáætlun þar sem kveðið er skýrt á um „friðlýsingu landsvæða“. Landvernd skorar á atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið að stöðva tilraunir Orkustofnunar til að fara á svig við ferlið með veitingu rannsóknaleyfa á svæðum sem Alþingi hefur ákveðið að skuli vernda fyrir orkunýtingu.



Mynd: Snorri Baldursson

Það virðist blasa við að stjórnvöld ætli sér að hunsar verndarflokk rammaáætlunar meðan orkunýtingarflokkurinn heldur fullu gildi. Þetta eru vinnubrögð sem ekki eiga að líðast í lýðræðisríki að mati Landverndar.

Annað sem sýnir að rangt er gefið í rammaáætlun er að öll landsvæði þar sem á annað borð er að finna virkjanlegan háhita eða vatnsfall eru skilgreind í lögum um rammaáætlun sem virkjunarkostir frekar en verndarkostir. Vernd ætti auðvitað að vera fyrsti kostur fyrir allt land, ekki síst í opinberri eigu, eins og gildir fyrir villt dýr. Með því að skilgreina allt land, vatnsföll og háhita sem mögulegan „virkjunarkost“ og með einbeitri virkjanastefnu Orkustofnunar er orkufyrirtækjum í raun hleypt lausum á landið eins og hýenum á bráð. Nægir í því sambandi að vísa til hernaðarins gegn lindánum (sjá bls. 4), þessum alþjóðlega mikilvægu náttúrudjásnum, sem eru ekkert annað en virkjunarkostir í augum framkvæmdaaðila og leyfisveitenda.

Að mati Landverndar er brýn þörf á að ljúka við 3. áfanga rammaáætlunar, í samræmi við tillögu verkefnisstjórnar, strax, gera stóraták í friðlýsingu og breyta forgangsroðun rammaáætlunar. Annars er hún marklaus.



Eldvörp. Mynd: Ellert Grétarsson


Þjóðgarður á miðhálandinu – barátta umhverfisverndarsamtaka skilar árangri

Hálendi Íslands er einstök gersemi, langstærsta óbyggða víðerni Evrópu sunnan heimskaupsbaugs. Eldbrunnin háslétta þakin hraunbreiðum, vikrum og eyðisöndum, skreytt bláhvítum jökulbreiðum, snævipöktum eldfjöllum, litfögnum háhitasvæðum, grænum móbergshryggjum, formfögnum dyngjum og stöpum. Þarna er leikvöllur landmótunar og sköpunar þar sem eldur og ís, vatn og vindur fá lausa taumana. Meginhluti miðhálandisins hefur verið úrskurðaður ævarandi eign þjóðarinnar, en ríkið sinnir þessari miklu auðlind ekki sem vera ber svo þar ríkir stefnuleysi og ringulreið, átök ólíkra hagsmunaafla.

Landvernd hefur lengi barist fyrir verndun þessa „hjarta landsins“ í einum þjóðgarði. Yfirlýsing yfir 20 náttúruverndar- og útivistarsamtaka, ásamt Samtökum ferðaþjónustunnar, í ársbyrjun 2016 markaði tímamót í þessari baráttu. Að baki yfirlýsingunni stóðu tugþúsundir félagsmanna og öflugir hagsmunaaðilar svo stjórnvöld og stjórnmalaflokkar sáu sér ekki lengur fært að hunsa þessa kröfu.

Í júní 2016 skipaði þáverandi umhverfis- og auðlindaráðherra, Sigrún Magnúsdóttir, nefnd sem kanna átti forsendur miðhálandisþjóðgarðs. Nefndin skilaði lokaskýrslu í nóvember 2017. Í skýrslunni er náttúru, verndun, nýtingu og innviðum miðhálandisins lýst og fjallað um fjórar mögulegar sviðsmyndir varðandi framtíðarverndun þess: a) að halda óbreyttu ástandi, b) að mynda þjóðgarða um þau sex verndarsvæði sem fyrir eru á miðhálandinu, c) að mynda alls fjóra þjóðgarða utan um stóru jöklana og d) að gera allt miðhálandið að einum þjóðgarði. Í ársbyrjun skipaði Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, þverpólítíska nefnd til að vinna að framgangi málsins og í mars sl. var ráðinn verkefnisstjóri til tveggja ára til að stýra þeirri vinnu.

Landvernd hefur í athugasemdum við drög að skýrslunni lagt ríka áherslu á sviðsmynd d). Aðeins með því að vernda miðhálandið í einum þjóðgarði verður hægt að ná þeirri heildarsýn sem nauðsynleg er til að tryggja vernd og sjálfbæra nýtingu þessa stórkostlega svæðis til framtíðar. Ekki má falla í þá freistni að búta þjóðgarðinn niður með mannvirkjabeltum til að ná einhverskonar „sátt“ milli ágrengur nýtingar í þágu fárra og nýtingar í þágu náttúruverndar og alls mannkyns.



Lakagigar. Mynd: Snorri Baldursson

Barátta Landverndar fyrir miðhálandisþjóðgarði lá að mestu niðri á síðasta starfsári til að gefa vinnu umhverfis- og auðlindaráðuneytisins svigrúm. Samtökin munu nú fylgjast grannt með vinnu hinnar þverpólítísku nefndar og veita henni nauðsynlegt aðhald til að draumurinn um einn miðhálandisþjóðgarð geti orðið að veruleika.



Langisjór. Mynd: Snorri Baldursson



Starfsfólk Landverndar 2017-2018



Salome Hallfreðsdóttir,
framkvæmdastjóri



Dr. Rannveig Magnúsdóttir,
spendýravistfræðingur



Katrín Magnúsdóttir,
kennari, líf- og mannfræðingur



Caitlin Wilson,
umhverfisfræðingur



Margrét Hugadóttir,
náttúrufræðikennari



Ellen Ágústa Björnsdóttir,
viðskiptafræðingur



Sigríður Bylgja Sigurjónsdóttir,
mannvistfræðingur



Hrefna Einarsdóttir,
bókari

Mannabreytingar

Guðmundur Ingi Guðbrandsson lét af störfum sem framkvæmdastjóri Landverndar í lok nóvember 2017 þegar nýskipaður forsætisráðherra landsins fól honum að taka við embætti umhverfisráðherra í ríkisstjórn sinni. Guðmundur Ingi hafði þá gegnt starfi framkvæmdastjóra frá árinu 2011. Hann sinnti starfinu af mikilli alúð og efldust samtökin svo um munaði undir styrkri stjórn hans. Guðmundi Inga eru færðar bestu þakkir fyrir störf sín og framlag til náttúruverndar á Íslandi á vegum samtakanna.

Salome Hallfreðsdóttir, umhverfisfræðingur og sérfræðingur á Landvernd til fimm ára, tók við stöðu framkvæmdastjóra í lok nóvember 2017 í kjölfar þess að Guðmundur Ingi hvarf skyndilega til annarra starfa. Salome hefur leitt samtökin með stakri þryði í gegnum þær miklu breytingar sem urðu á svo skömmum tíma. Salome mun láta af störfum þegar nýr framkvæmdastjóri tekur við, þann 1. maí 2018. Salome eru færðar allra bestu þakkir fyrir vel unnin störf í þágu samtakanna og fyrir að taka að sér starfið á þeim umbrotatímum sem áttu sér stað þegar Guðmundur Ingi hætti.

Sif Konráðsdóttir, hæstaréttarlögmaður, lét af störfum í byrjun desember 2017 þegar hún var ráðin aðstoðarmaður umhverfisráðherra. Sif hóf störf við samtökin í desember 2015 og vann að verkefnum á sviði lögræði. Meðal starfa hennar var úttekt á innleiðingu og framfylgd Árórsarsamningsins, endurskoðun á lögum um mat á umhverfisáhrifum ásamt umsögnum og kærumálum. Sif eru færðar bestu þakkir fyrir vel unnin störf í þágu samtakanna.

Þóroddur F. Þóroddsson, lét af störfum í byrjun árs 2018. Þóroddur var ráðinn í janúar 2017 í sérverkefni sem sneri að þróun stefnu Landverndar í vindorkumálum. Verkefninu lauk með útgáfu stefnumótunar- og leiðbeiningarits um vindorku í byrjun árs 2018. Þóroddi eru færðar bestu þakkir fyrir vel unnin störf í þágu samtakanna.

Sigríður Bylgja Sigurjónsdóttir, mannvistfræðingur hóf störf á ný hjá Landvernd í lok árs 2017, en hún hafði áður starfað hjá samtökunum 2014-2016 og sem starfsnemi 2012-2013. Meðal starfa sem Sigríður Bylgja gegnir er verkefnisstjórn Bláfánans en verkefnið hafði vaxið og dafnað undir stjórn Salome Hallfreðsdóttur fram að því.

Auður Önnu Magnúsdóttir tekur við stöðu framkvæmdastjóra Landverndar þann 1. maí 2018. Auður er með doktorspróf í lífefnafræði



frá Stokkhólmsháskóla/Karolinska Institut og hefur stundað rannsóknir á því sviði. Hún starfaði áður sem deildarstjóri hjá Orf Líftækni og hjá Íslenskri erfðagreiningu. Síðastliðin tvö ár hefur hún gengt starfi deildarforseta Auðlinda- og umhverfisdeildar Landbúnaðarháskóla Íslands. Auður hefur setið í framkvæmdastjórn Orf Líftækni og Landbúnaðarháskóla Íslands og er formaður Samtaka kvenna í vísindum.

Verkefni starfsnema frá Háskóla Íslands

Landvernd auglýsir árlega starfsþjálfunarverkefni á meðal nemenda í umhverfis- og auðlindafræði við Háskóla Íslands. Á starfsárinu skrifuðu Dominika Olga Skwarska um áhuga landeigenda á að taka þátt í verkefninu Græðum Ísland, Hildur Hafbergsdóttir um vaxtarmöguleika Bláfánans á Íslandi, Danielle Beauchemin um hvernig megi hefta útbreiðslu lúpínu á verndarsvæðum á hálendi Íslands, Edite Fiskovica um áhuga hjá fyrirtækjum og ferðaþjónustu til að taka þátt í verkefninu Græðum Ísland og Anna Balafina um mat þátttakenda á verkefninu Græðum Ísland. Er þeim færðar bestu þakkir fyrir framlag þeirra til Landverndar.



Stjórn Landverndar 2017-2018



Snæbjörn Guðmundsson,
formaður



Lovísa Ásbjörnsdóttir,
Varaformaður og starfandi
formaður



Þuríður Helga Kristjánsdóttir,
gjaldkeri



Helga Ögmundardóttir,
ritari



Elly Katrín Guðmundsdóttir,
meðstjórnandi



Guðmundur Björnsson,
meðstjórnandi



Huguína Geirsdóttir,
meðstjórnandi



Margrét Auðunsdóttir,
meðstjórnandi




Pétur Halldórsson,
meðstjórnandi



Snorri Baldursson,
meðstjórnandi

Félagsmenn aldrei verið fleiri


Markvisst hefur verið unnið að fjölgun félagsmanna hjá Landvernd á undanförunum árum. Fjöldi félagsmanna hefur tífaldast frá árinu 2011 en nú standa um 5100 manns að baki samtökunum. Landvernd stendur mun sterkari fótum með fleiri félagsmenn innanborðs, slagkrafturinn og áhrifin aukast og fjárhagsleg staða samtakanna styrkist. Unnið verður markvisst að frekari fjölgun félagsmanna á næstu árum.



Ritið sýnir fjölgun félagsmanna Landverndar frá árinu 2011 til 2018

Landvernd í fjölmiðlum

Á síðustu árum hefur sýnileiki Landverndar í fjölmiðlum aukist verulega og er það til marks um aukna starfsemi samtakanna. Árið 2017 var fjallað um Landvernd í 389 fréttum og greinum. Þar af voru 49 fréttir í sjónvarpi og útvarpi, 106 í prentmiðlum, 222 í netmiðlum og 12 á sérvefnum. Árið 2017 var Landvernd í 181. sæti yfir lögaðila í fjölda fréttu og greina. Þá var Landvernd í 5. sæti af um 900 félagasamtökum héraendis í fjölda skipta í fjölmiðlum.



Ritið sýnir fjölda skipta sem fjallað var um Landvernd í fjölmiðlum á síðustu árum



Græn pólítík: Þátttaka í ákvörðunum um umhverfismál og réttlát málsmeðferð

Árósasamningurinn hefur nú verið í gildi hér á landi í sjö ár. Hann veitir umhverfisverndarsamtökum rétt til aðgangs að upplýsingum og þátttöku í stefnumótun og ákvarðanatöku. Þá tryggir samningurinn rétt slíkra samtaka til að véfengja leyfi fyrir framkvæmdum sem hafa mikil áhrif á umhverfið. EES samningurinn veitir sama rétt og eru íslensk yfirvöld því bundin af tveimur fjölþjóðlegum samningum að þessu leyti.

Kæruéttur gildir ekki aðeins um leyfi, heldur einnig um athafnir og athafnaleysi stjórnvalda og loks á samkvæmt Árósasamningnum að vera unnt að kæra bæði athafnir og athafnaleysi einkaaðila sem brjóta gegn lögum sem varða umhverfið. Þennan rétt hafa íslensk stjórnvöld enn ekki leitt í lög og er mál nú til meðferðar á alþjóðavettvangi vegna sammingsbrota Íslands, en eftirlitsstofnun EFTA tók málið til rannsóknar árið 2015 í kjölfar ábendingar Landverndar.

Umsagnir – aukin áhersla á skipulagsstigið og margar virkjanir

Eins og mörg undanfarin ár sendi Landvernd á starfsárinu frá sér fjölmargar umsagnir um margvísleg lagafrumvörp, þingsályktunartillögur, skipulagstillögur, mat á umhverfisáhrifum áætlana og framkvæmda o.fl. Málaflokkarnir eru margir s.s. náttúruverndarsvæði, orkuvinnsla og raforkuflutningur, ferðamál og mengunarmál.

Landvernd lét sig skipulagstillögur varða í auknum mæli á starfsárinu og lagði áherslu á að koma auga á og skoða þær tillögur sem varða miðhálandið og verndarsvæði. All margar umsagnir voru því gerðar um skipulagsmál. Með því móti er leitast við að koma athugasemdum á framfæri eftir því sem við á eins snemma og unnt er, vegna stefnumótunar og ákvarðana sem mikil áhrif hafa á umhverfið.

Mál vegna umhverfismats virkjana undir 10 MW urðu áberandi á starfsárinu auk þess sem ferðaþjónustuuppbygging var áfram nokkuð umfangsmikil á borði samtakanna, ásamt raflínulögnum.

Náttúruvernd: Orkuvinnsla

- Skipulagstillögur vegna 55 MW Hvalárvirkjunar í Árnesshreppi
- Frummatsskýrsla um 9,8 MW virkjun í Svartá í Bárðardal
- Frummatsskýrsla um 9,3 MW virkjun í Hverfisfljóti við Hnútu í Skaftárhreppi
- Frummatsskýrsla um 5,5 MW virkjun í Hólsá og Gönguskarðsá í Fnjóskadal
- Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Hornafjarðar vegna 1 MW virkjunar í Birnadal
- Tillaga að aðalskipulagsbreytingu fyrir Bláskógabyggð, Hagavatns- og Brúarvirkjanir
- Tillaga að aðalskipulagsbreytingu fyrir Dalabyggð, vindorkugarður, efnistaka og stækkun byggðalínu

Náttúruvernd: Raforkuflutningur

- Kerfisáætlun Landsnets 2017-2026 – drög að matslýsingu
- Stefna stjórnvalda um lagningu raflína – drög að þingsályktunartillögu
- Hólasandslína 3 frá Akureyri til Hólasands – frummatsskýrsla
- Stefna stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku – drög að þingsályktunartillögu
- Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Skagafjarðar, raflínur

Náttúruvernd: Ferðamál og friðlýst svæði

- Stækkun friðlands í Þjórsárverum
- Drög að landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum
- Drög að verkefnaáætlun til þriggja ára um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum
- Takmörkun umferðar eða lokun náttúrustaða í Mývatnssveit
- Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Hornafjarðar, þjónustukjarni við Skaftafell
- Tillaga að breytingu á aðalskipulagi fyrir Bláskógabyggð, miðhálandi og Geysissvæðið
- Drög að tillögu að aðalskipulagsbreytingu fyrir Kjósarhrepp, Búðarsandur, efnistaka og strandsvæði
- Tillaga að aðalskipulagsbreytingu fyrir Reykhólahrepp, vegagerð um verndarsvæði

Mengandi stóriðja

- Starfsleyfistillaga fyrir kísilverksmiðju PCC að Bakka við Húsavík

Mat á umhverfisáhrifum

- Drög að frumvarpi til innleiðingar á tilskipun ESB um mat á umhverfisáhrifum

Byggðamál

- Drög að tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2018 til 2024

Landgræðsla og skógrækt

- Frumvarp til laga um skóga og skógrækt
- Frumvarp til laga um landgræðslu

Árósasamningurinn og kæruéttur

Landvernd nýtir kæruéttinn sem samtökunum er tryggður með Árósasamningnum og EES samningnum með það að markmiði að styrkja umhverfis- og náttúruvernd í landinu. Það hafa samtökin gert undanfarið í auknu mæli í samstarfi við umhverfisverndarsamtök í héraði. Með því móti nýtur Landvernd góðs af þekkingu heimamanna auk þess að styðja við samtök þeirra; og veitir stjórnvöldum um leið öflugra aðhald en ella. Ekki leikur vafi á því að úrlausnir úrskurðarnefnda og æðri settra stjórnvalda leiðbeina hinum lægri stjórnvöldum um ákvarðanatöku í framtíðinni og hafa þannig jákvæð og stefnumarkandi áhrif til lengri tíma. Óhóflega langur málsmeðferðartími hamlar þó mjög virkni kæruéttarinnar. Fæst kærumál starfsársins hafa enn hlotið úrlausn, auk þess sem kærumál frá fyrra starfsári eru enn óafgreidd, en þau varða aðgerðir og aðgerðarleysi.

Stjórnsýslukæru

Á starfsárinu setti Landvernd fram alls 11 kæru og eina stöðvunarkröfu. Tvær kæru voru lagðar fram vegna rannsóknarleyfa Orkustofnunar, og er það í fyrsta sinn sem Landvernd lætur á slíkt reyna. Önnur kærán er frá því í maí 2017 og er óafgreidd. Hin er frá júní 2017 og féll úrskurður samtökunum í óhag í febrúar 2018, en kærán var ekki talin tæk til efnismeðferðar vegna þess að samtökin hefðu ekki lögvarða hagsmuni og nytu ekki kæruéttar fyrir en á síðari stigum. Framkvæmdaleyfi vegna virkjunar í uppsveitum Árnessýslu voru kærð í tvígang og er það mál enn



í gangi. Umhverfisstofnun var kærð fyrir að afhenda ekki gögn og varð kærán til þess að þau voru afhent. Landvernd kærði Umhverfisstofnun til umhverfisráðuneytisins vegna skorts á eftirliti með lagningu háspennulína um verndarsvæði í maí 2017 og er það mál enn óútljád. Þá var krafist stöðvunar framkvæmda við Hornarfjarðarveg í kærumáli um þá framkvæmd, sem ekki var fallist á og reka samtökin nú dómsmál um framkvæmdina. Starfsleyfi kísilverksmiðju er í kærumeðferð frá því í nóvember 2017, mál voru rekin vegna tveggja hótela við Mývatn og eitt mál er nú rekið vegna þess að vegagerð í Þingvallapjóðgarði hefur ekki farið í gegnum umhverfismat.

Orkuvinnsla

- Framkvæmdaleyfi Bláskógabyggðar til HS Orku fyrir Brúarvirkjun, fyrra leyfi, í samstarfi við Náttúruverndarsamtök Suðurlands
- Framkvæmdaleyfi Bláskógabyggðar til HS Orku fyrir Brúarvirkjun, seinna leyfi, í samstarfi við Náttúruverndarsamtök Suðurlands
- Álitsgerð Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum Hvalárvirkjunar
- Rannsóknaleyfi Orkustofnunar til Vesturverks vegna Hvalárvirkjunar
- Rannsóknaleyfi Orkustofnunar til North Tech Energy ehf. vegna jarðhita á Reykjanesshrygg og fyrir Norðurlandi

Háspennulínur

- Athafnaleysi Umhverfisstofnunar vegna eftirlits með framkvæmdum Landsnets við Kröflulínu 4 og Þeistareykjalínu 1
- Gögn vegna eftirlitssamnings Umhverfisstofnunar og Landsnets vegna Kröflulínu 4 og Þeistareykjalínu 1

Hótel og ferðaþjónusta

- Ákvörðun Skipulagsstofnunar um að taka ekki til skoðunar hvort stækkun Hótel Reykhólanna skuli fara í umhverfismat
- Tímabundið starfsleyfi Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra fyrir rekstri Íslandshótela á Fosshóteli í landi Grímsstaða við Mývatn

Mengandi stóriðja

- Starfsleyfi kísilmálmverksmiðju PCC á Bakka

Vegagerð

- Vegagerð í Þingvallapjóðgarði ekki í umhverfismat
- Stöðvunarkrafa vegna Hornarfjarðarveg, í samstarfi við Hollvíni Hornarfjarðar

Dómsmál

Á starfsárinu lét Landvernd reyna á kröfu fyrir dómi um ógildingu á útgefnu framkvæmdaleyfi. Fengu samtökin flýtimeðferð. Bæði undirréttur og Hæstiréttur höfnuðu því að umhverfisverndarsamtök ættu lögvarða hagsmuni af því að krefjast ógildingar leyfis fyrir framkvæmdum, enda væri þeim með lögum tryggður kæruréttur til sjálfstæðrar og óháðrar úrskurðarnefndar. Málskostnaður var þó felldur niður og þurfti Landvernd því aðeins að standa straum af eigin lögmannskostnaði. Málið varðaði háspennulínulagnir um eldhraun við Leirhnjúk og víðar, en það svæði á að friðlýsa skv. lögum frá 2004 um vernd Mývatns og Laxár.

Nýlega fékk Landvernd flýtimeðferð í dómsmáli sem samtökin reka ásamt Hollvínum Hornarfjarðar vegna leyfis fyrir vegagerð við Hornarfjarðarfljót. Fjallar málið um það hvort brýna nauðsyn beri til að



leggja veg þar sem óafturkræft rask verður á sjávarfitjum og leirum, þegar annað vegstæði kemur til greina sem talið er valda minna tjóni á náttúru.

Landvernd ásamt Fjöreggi hefur frá árinu 2016 rekið dómsmál þar sem krafist er friðlýsingar skv. lögum um vernd Mývatns og Laxár, en ríkið fellst ekki á kröfur samtakanna og krefst frávísunar málsins frá dómi án efnisumfjöllunar. Var málið flutt um frávísunarþáttinn 23. apríl 2018 og bíða samtökin niðurstöðu héraðsdóms þar um.

Önnur erindi

Samtökin héldu á starfsárinu áfram að senda stjórnvöldum margháttaðar ábendingar, fyrirspurnir og önnur erindi. Beittu samtökin þessu úrræði í viðtækara mæli en á fyrri starfsárum og fullyrða má að slík erindi hafi í mörgum tilvikum gefið góða raun, þó brunníð hafi við hjá einstaka stjórnvaldi að erindum væri ekki svarað. Í sumum tilvikum er ljóst að ekki var ætlast til svars en önnur erindi eru þess eðlis að skylt er að svara þeim.

- Ábending og fyrirspurn til Skipulagsstofnunar: Rannsóknir vegna Hvalárvirkjunar voru ekki hluti umhverfismats, í samstarfi við Rjúkandi (óafgreidd)
- Endurupptökubeiðni til úrskurðarnefndar raforkumála: Kerfisáætlun Landsnets 2015-2024
- Ábending og fyrirspurn til Skipulagsstofnunar: Matsskylda stækkunar Hótel Reykhólanna við Mývatn
- Matsskyldufyrirspurn til Skipulagsstofnunar: Hótel Geysir
- Matsskyldufyrirspurn til Skipulagsstofnunar: Hótel Laxá og Sel-Hótel (óafgreitt)
- Erindi til Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna B-hluta náttúruminjaskrár
- Ábending til Skipulagsstofnunar: Skortur á valkostum í fyrirhuguðum aðalskipulagsbreytingum Rangárþings eystra og deiliskipulagi um Hamragarða og Seljalandsfoss. Sveitarstjórn dró í kjölfarið tillögurnar til baka
- Beiðni til umhverfisráðherra um friðlýsingu Leirhnjúkskrauns eða aðra íhlutun vegna yfirvofandi rökunar með raflinumannvirkjum (ósvarað)
- Fyrirspurn til Umhverfisstofnunar um umhverfisábyrgð vegna atviks við inntak Andakílvirkjunar
- Ítrekun á fyrirspurn til Umhverfisstofnunar frá fyrra ári um umhverfisábyrgð Hótel Laxár og Sel-Hótel (ósvarað)



Blekkingar um Hvalárvirkjun á Ströndum afhjúpaðar

– jarðstrengir og þjóðgarður mun betri kostir til að tryggja afkomu Strandamanna og Vestfirðinga

Staða virkjunarframkvæmda og valkostir

Mikil vitundarvakning varð á síðasta ári um tilgangseysi fyrirhugaðrar Hvalárvirkjunar í Ófeigsfirði á Ströndum sem einkafyrirtækið Vesturverk hyggst reisa. Stór hópur fólks, þar á meðal margir íbúar Árneshrepps, áttar sig nú á því að það eru litlir sem engir almannahagsmunir undir, einungis einkahagsmunir Vesturverks. Sami hópur fólks áttar sig á því að mun vænlegri leið til að styrkja byggð á Ströndum til langframa væri að stofna þar friðland og ferðamannastað sem byggði á stórbrotinni náttúru og sögu svæðisins. Sveitarstjórn Árneshrepps, þar sem áhugamenn um virkjun hafa meirihluta, hefur aftur á móti hafnað því að skoða þann möguleika, með aðstoð aðila sem er umhugað um svæðið, en samþykkt skipulagstillögur Vesturverks sem yrðu grundvöllur leyfis til undirbúningsrannsókna með því óafturkræfu raski sem þeim fylgir, yrðu tillögurnar staðfestar af Skipulagsstofnun. Fyrirhugaðar framkvæmdir á rannsóknartíma eru m.a. vegagerð, kjarnaborun í stíflustæði og fyrirhugaðar jarðgangaleiðir og gróttur könnunargryfja til malarnáms. Framkvæmdir á rannsóknartíma falla utan þess umhverfismats sem fram hefur farið.

Útilokað er að bygging Hvalárvirkjunar styrki byggð í Árneshreppi til langs tíma þar sem engin föst störf fylgja virkjuninni sjálfri. Átaksverkefni í tvö til þrjú ár er engin lausn fyrir lítið samfélag. Aftur á móti mun sérstaða og aðráttarafl svæðisins hverfa að meira eða minna leyti þegar Hvalárvirkjun er risin með tilheyrandi veitum, uppistöðulönunum og upphækkunum vegum.

Styrking raforkukerfisins

Lífseigustu rök virkjunarsinna varðandi nauðsyn Hvalárvirkjunar fyrir raforkuöryggi á Vestfirðum féllu svo um sjálf sig þegar skýrsla kanadísks ráðgjafarfyrirtækis á sviði raforkuflutnings, METSCO Energy Solutions, lá fyrir í ársbyrjun 2018. Stjórn Landverndar hafði haustið 2017 falið fyrirtækinu að gera úttekt á möguleikum til úrbóta í orkumálum Vestfirðinga.

Meginniðurstöður skýrslunnar eru þær að með því að setja hluta

Vesturlínu og fleiri línur á sunnanverðum Vestfirðum í jörð megi tífolda raforkuöryggi á Vestfirðum. Hinsvegar geri virkjun Hvalár ein og sér ekkert til að bæta raforkuöryggið þar. Það er vegna þess að orkan þaðan er flutt beint til suðurs inn á landsnetið með viðkomu í áætluðum tengipunkti Landsnets á Nauteyri í botni Ísafjarðardjúps. Svokölluð hringtenging um Vestfirði sem felur í sér lagningu línu eða sæstrengs frá mögulegu tengivirki á Nauteyri til Ísafjarðar er ekki í sjónmáli. Lagning jarðstrengja á þeim línuleiðum þar sem mest er um bilanir er vissulega dýr framkvæmd en ráðast þarf í hana fyrr en síðar þar sem framtíðin liggur í jarðstrengjum frekar en loftlínunum. Hugsanlega mætti styrkja kerfið enn frekar með litlu vindorkuveri í eða við Ísafjarðardjúp.

Verndun í stað virkjunar

Ófeigsjarðarheiði er hluti af stærsta óbyggða víðerni Vestfirðar-kjálkans sem nær frá Hornströndum í norðri, um Drangajökul til Steingrímsfjarðar í suðri, samtals rúmlega 1.600 km² svæði. Með tilkomu Hvalárvirkjunar mun þetta víðerni skerðast um 200 km² og enn meir með lagningu raflína og línuvega. Samfeld svæði af óbyggðu víðerni á Íslandi fara sífellt minnkandi, því eru mikil verðmæti fólgin í þessu svæði og rík ástæða til að vernda það til framtíðar.

Á norðanverðum Ströndum væri aftur á móti hægt að stofna stórbrotinn þjóð- eða menningargarð sem spannað gæti allt svæðið allt frá Ingólfsfirði að austanverðu og a.m.k. frá Kaldalóni að vestanverðu til og með Hornstrandafriðlandi. Þennan garð mætti byggja upp af miklum myndarskap fyrir sambærilegan ríkisstyrk og fyrirhugaður er vegna óþarfs tengivirkis á Nauteyri.

Garður af þessu tagi kallar á nokkur heilsársstörf og mörg sumarstörf til að sinna uppbyggingu, fræðslu og eftirliti og getur skapað fjölda afleiddra starfa í ferðaþjónustu eins og dæmin sanna á jaðarsvæðum Vatnajökulsþjóðgarðs, einkum í Örafum, Skaftárhreppi og Kelduhverfi. Gestastofa yrði reist í anddyri þjóðgarðs í Árneshreppi og fjölbreyttir möguleikar í náttúruferðamennsku blasa við. Engu líku er til að dreifa vegna mannlaurar virkjunar Vesturverks.



Ófeigsfjörður við mynni Eyvindarfjarðar. Mynd: Tómas Guðbjartsson



Ályktanir Landverndar 2017-2018

Landvernd sendir reglulega frá sér ályktanir og fréttatilkynningar um ýmis málefni tengd starfsemi samtakanna. Mörgum þeirra eru gerð skil annarsstaðar í ársskýrslunni en hér á eftir fara aðrar ályktanir samtakanna á starfsárinu.

Strandþjóðgarð í stað Hvalárvirkjunar

Aðalfundur Landverndar 2017 skoraði á sveitarstjórn og landeigendur í Árneshreppi á Ströndum að falla frá öllum áformum um Hvalárvirkjun en stefna að því að nýta fágæt víðerni, stórbrotna náttúru, firði og eyðibygðir svæðisins undir þjóðgarð. Með þjóðgarði myndu strax skapast nokkur langtímastörf í náttúruvernd og til langs tíma fjölmörg störf í náttúrutengdri ferðamennsku. Engin langtímastörf í Árneshreppi fylgja Hvalárvirkjun. Landvernd hafnar því að fjármunum almennings sé varið til stuðnings við tengivirki Landsnets á Nauteyri við Ísafjarðardjúp og leggur til að frekar verði lagt til fé í uppbyggingu Strandþjóðgarðs.

Verndum miðhálandið í einum þjóðgarði

Aðalfundur Landverndar 2017 skoraði á umhverfis- og auðlindaráðherra að slá hvergi af því markmiði að vernda miðhálandi Íslands í einum samfelldum þjóðgarði og flýta stofnun hans. Aðeins þannig mun Íslendingum auðnast að vernda óbyggðirnar til framtíðar.

Laxeldi í sjó verði einungis leyft með ófrjóum fiski eða í lokuðum kerfum

Aðalfundur Landverndar 2017 varaði við stórauðum og óábyrgu laxeldi í sjó við Íslandsstrendur, þar sem notaður er frjór eldisfiskur af erlendum, framandi stofnum. Aðalfundurinn krafðist þess að stjórnvöld myndu móta skýra stefnu sem bannaði ræktun á eldislaxi í sjó nema tryggt væri að það ylli ekki óásættanlegri mengun eða erfðablöndun við íslenska laxastofna. Þetta má tryggja með notkun rannsóknakvía, ófrjórna stofna eða ræktun í lokuðum kerfum í sjó eða á landi. Auk þess þarf að tryggja öflugt eftirlit með starfsemi fiskeldisfyrirtækja svo þau geti starfað í meiri sátt við umhverfi og samfélag.

Landvernd fagnar Þjóðgarðastofnun

Í ágúst 2017 fagnaði Landvernd áformum umhverfis- og auðlindaráðherra um að koma á fót þjóðgarðastofnun sem annast mun náttúruvernd á svæðum sem friðlýst eru samkvæmt náttúruverndarlögum, auk verkefna Vatnajökulsþjóðgarðs og Þjóðgarðsins á Þingvöllum. Á undanförunum árum hefur Landvernd ítrekað bent á mikilvægi þess að sameina verkefni á þessu sviði undir eina stjórn. Hér er um mikilvægt framfaraskref að ræða sem ætti að styrkja starfsemi á vernduðum svæðum á Íslandi. Landvernd leggur jafnframt til að kostir og gallar frekari sameiningar á umsjón og vörslu lands í eigu ríkisins verði kannaðir og þá sérstaklega vörslu þjóðlendna sem nú er sinnt af húsameistara ríkisins í forsætisráðuneytinu.



Eyvindarfjarðarárfoss á Vestfjörðum. Mynd: Tómas Guðbjartsson



Friðlýsing náttúruminja næstu fimm árin

Í byrjun sumars 2017 hóf Náttúrufræðistofnun Íslands undirbúning að gerð fyrstu framkvæmdaáætlunar náttúruminjaskrár samkvæmt núgildandi lögum um náttúruvernd nr. 60/2013. Náttúruminjaskrá skiptist í þrjá hluta skv. lögum; A-hluta, sem er skrá yfir friðlýst svæði samkvæmt náttúruverndarlögum (nvl.) og sérlögum, friðaðar vistgerðir, vistkerfi og tegundir; B-hluta, sem er framkvæmdaáætlun um friðlýsingar til fimm ára og kemur í stað náttúruverndaráætlana, og C-hluta, sem eru aðrar náttúruminjar sem ástæða þykir til að friðlýsa. Náttúrufræðistofnun Íslands sér um undirbúning náttúruminjaskrárinnar og gerir tillögur um náttúruminjar fyrir B-hluta hennar.

Tillögur Landverndar um val svæða

Stjórn Landverndar leggur áherslu á að taka þátt í undirbúningi er varðar náttúruminjasvæði og vernd þeirra, allt frá fyrstu stígum skipulags- og áætlanagerða. Fulltrúar Landverndar fóru því á fund hjá Náttúrufræðistofnun til að ræða hvernig þessari þátttöku yrði best háttað. Í framhaldi þess fundar sendi stjórn Landverndar bréf til Náttúrufræðistofnunar með þeim óskum að við gerð framkvæmdaáætlunar náttúruminjaskrár yrði horft sérstaklega til þeirra náttúruminja sem mikil hættu er á að verði raskað á komandi árum. Bréfinu fylgdu tillögur um 50 svæði sem Landvernd telur vera í yfirvofandi hættu. Auk þess er lagt til að miðhálendi Íslands verði friðlýst sem ein samfelld heild, sbr. skilgreiningu í landsskipulagsstefnu 2015-2026 um afmörkun svæðisins. Þá telur Landvernd að óbyggð víðerni (5. gr. nvl.), steindir og steingervingar (60. gr. nvl.) og þau vistkerfi og jarðminjar sem njóta sérstakrar verndar (61. gr. nvl.), eigi að vera í fyrstu framkvæmdaáætlun nýrra náttúruverndarlaga.

Um var að ræða frumvinnu og listi Landverndar því ekki tæmandi. Við gerð hans var fyrst og fremst litið til aðgengilegra upplýsinga um ástand eða áætlanir sem fyrirsjáanlegt er að leiði til hættu á raski á allra næstu árum. Við val svæða á listann lagði stjórn Landverndar m.a. til grundvallar núgildandi náttúruminjaskrá, verðmætamat og sérstakar skýringar faghóps I um náttúru- og menningarverðmæti fyrir 2. og 3. áfanga rammaáætlunar frá 2011 og 2016, tillögur Umhverfisstofnunar til friðlýsingar í Skútustaðahreppi frá 2004 og lista yfir víðerni og lindasvæði.



Fléttur. Mynd: Snorri Baldursson

Friðlýsingum fyrri áætlana ólokið

En það er ekki nóg að setja svæði á framkvæmdaáætlun fyrir friðlýsingar til næstu fimm ára. Henni þarf að fylgja eftir þangað til viðkomandi svæði eða fyrirbæri hefur verið friðlýst. Í þeim efnum hræða fyrri spor. Þrátt fyrir samþykktar ályktanir á Alþingi hafa aðeins örfá náttúruminjasvæði af fyrri náttúruverndaráætlunum verið friðlýst. Árið 2004 var samþykkt þingsályktun um náttúruverndaráætlun 2004-2008. Samkvæmt henni skyldi unnið næstu fimm árin að friðlýsingu 14 svæða á landinu. Aðeins fjögur svæði hafa verið friðlýst: Vatnajökulsþjóðgarður, Guðlaugstungur, Vatnshornsskógur í Skorradal og Skerjafjörður að hluta.

Árið 2010 var aftur samþykkt þingsályktun um náttúruverndaráætlun 2009-2013. Samkvæmt henni átti næstu fimm árin að vinna að friðlýsingu 13 svæða á landinu. Aðeins fjögur svæði af þeirri áætlun hafa verið friðlýst: Langisjór og skóglendi við Hoffell sem hluti Vatnajökulsþjóðgarðs, verndarsvæði tjarnarklukku að Innri-Hálsum í Berufirði og stækkun friðlands í Þjórsárverum á síðasta ári.

Alls hafa einungis átta af 27 svæðum (30%) á náttúruverndaráætlunum 2004-2013 verið friðlýst. Stjórn Landverndar telur þetta afar ámælisverð vinnubrögð og leggur áherslu á að friðlýsingum á grundvelli fyrri náttúruverndaráætlana verði lokið sem allra fyrst.



Látrabjarg. Mynd: Lovísa Ásbjörnsdóttir



Jarðminjavernd er mikilvæg

Landvernd hefur vakið athygli á því að í fyrri náttúruverndaráætlunum eru fá jarðminjasvæði miðað við fjölda svæða sem fyrirhugað er að vernda vegna lífríkissjónarmiða. Frá 2004 hafa aðeins þrjú jarðminjasvæði ratað á náttúruverndaráætlun. Það eru svæðin Geysir, Reykjanes–Eldvörp–Hafnaberg og Langisjór. Af þessum þremur svæðum hefur aðeins eitt, Langisjór, verið friðlýst innan Vatnajökuls-þjóðgarðs. Mikil þörf er á að friðlýsa Geysissvæðið, með einn þekktasta goshver heims, en svæðið hefur mikið látið á sjá á síðustu árum.

Hins vegar eru hverfandi líkur á því að svæðið Reykjanes–Eldvörp–Hafnaberg verði friðlýst þar sem hluti þess, Eldvörp, fóru í nýtingarflokk rammaáætlunar árið 2013. Eldvörpum hefur nú verið raskað með óafturkræfum hætti og landslagsheild þeirra rofin af mannvirkjum í tengslum við rannsóknarboranir vegna hugsanlegrar háhitavirkjunar. Það er sérkennilegur tvískinnungur að unnt sé að flokka svæði af náttúruverndaráætlun í nýtingarflokk rammaáætlunar.

Jarðfræði Íslands hefur mikla sérstöðu á heimsvísu og leggur grunn að einstöku náttúrufari og landslagi landsins. Í ljósi þess, og eins þess að allt rask á jarðminjum er venjulega óafturkræft, telur Landvernd að leggja beri sérstaka áherslu á jarðminjavernd í fyrstu framkvæmdaáætlun náttúru-minjaskrár samkvæmt nýjum náttúruverndarlögum.



Borplan við Eldvörp. Mynd: Ellert Grétarsson



Eldhraun. Mynd: Snorri Baldursson



Vindorka – nú er tækifæri til að gera hlutina rétt

Rafmagnsframleiðsla hér á landi byggir fyrst og fremst á svokölluðum vistvænum orkugjöfum, þ.e. vatnsafli og jarðvarma. Losun gróðurhúsalofttegunda við orkuframleiðslu á Íslandi er því sáralítill miðað við ýmis nágrannalönd sem hafa þurft að reiða sig á jarðefnaeldsneyti að stórum hluta, en keppast nú við að skipta yfir í vistvæna orkugjafa á borð við vindorku til að mæta alþjóðlegum skuldbindingum í loftslagsmálum. Engu að síður fer áhugi á virkjun vindorku vaxandi hér á landi með lækkandi framleiðsluverði á hverja kílóvattstund samhliða því að kostnaður við hefðbundna raforkuframleiðslu eykst.

Þótt enn sé lítil reynsla af byggingu vindorkuvirkjana á Íslandi er ljóst að slíkar framkvæmdir geta orðið mjög umdeildar, einkum vegna sjón- og hljóðmengunar. Því er mikilvægt að frá byrjun sé sem best staðið að undirbúningi vindorkuvirkjana og forðast að setja þær niður á staði sem augljóslega munu valda deilum og átökum.

Í ljósi þess að engin opinber stefna hefur verið mörkuð um hvernig standa eigi að uppbyggingu vindorkuvera hér á landi ákvað Landvernd að ráðast í gerð eigin stefnumótunar- og leiðbeiningarrits, *Virkjun vindorku á Íslandi*. Markmið samtakanna með þessari útgáfu er að aðstoða skipulagsyfirvöld við mat og leyfisveitingar, vera á undan umræðunni og vonandi koma í veg fyrir umhverfisslys vegna ónógs undirbúnings og óheppilegs staðarvals fyrir vindorkuver. Sveitarstjórnir gegna lykilhlutverki við ákvarðanir um staðarval vindorkumannvirkja og væntanlega kallar bygging þeirra á breytingu á aðalskipulagi. Allur undirbúningur krefst því góðrar þekkingar viðkomandi sveitarstjórna.

Uppbygging ritsins

Virkjun vindorku á Íslandi er m.a. byggt á sambærilegum stefnuritum systursamtaka Landverndar á Norðurlöndunum, auk innlendra gagna og samráði við ýmsa aðila. Ritið er í meginatriðum tvískipt:

Í fyrri hluta eru talin upp svæði þar sem ekki skal reisa vindorkuver vegna náttúru-, umhverfis- og samfélagssjónarmiða. Þetta eru m.a. svæði sem njóta verndar samkvæmt íslenskum eða alþjóðlegum lögum, jaðarsvæði ofangreindra svæða, svæði í eða við þéttbýli og svæði sem hafa stöðu mögulegra verndarsvæða vegna einstakrar náttúru. Þessi öfuga nálgun var talin vænlegri en að reyna að skilgreina þau fjölmörgu svæði þar sem „reisa má“ slík mannvirki án þess að valda miklum neikvæðum umhverfisáhrifum. Það er heldur ekki Landverndar að tala sérstaklega fyrir byggingu vindorkuvera meðan næg orka er til í landinu.

Síðari hlutinn fjallar um þörf á stefnumörkun á lands- og sveitarstjórnastigi. Þar er m.a. að finna gátlista með 36 efnisatriðum sem gott er að huga að við undirbúning skipulagsáætlana og í viðræðum við væntanlega framkvæmdaaðila sem hafa áhuga á að reisa vindorkuvirkjanir. Hvert atriði gátlistans er útskýrt í stuttu máli í þeirri von að sú umfjöllun megi nýtast sem bæði fræðsla um umhverfisáhrif vindorkuvirkjana og sem rökstuðningur við undirbúning stefnumörkunar og umræðu um þær.



Virkjun vindorku á Íslandi

Landvernd hvetur alla þá er málið varðar að kynna sér Virkjun vindorku á Íslandi: Stefnumótunar- og leiðbeiningarrit Landverndar. Ritið má nálgast á heimasíðu Landverndar á landvernd.is en einnig er hægt að fá ritið sent gegn vægu gjaldi.



Kolefnisbinding og stöðvun koltvíoxíðslosunar frá framræstu landi

Landvernd tekur þátt í tveimur verkefnum sem miða að því að binda kolefni og draga úr losun koltvíoxíðs út í andrúmsloftið.

Kolviður

Landvernd og Skógræktarfélag Íslands stofnuðu Kolvið árið 2008. Kolviður er kolefnissjóður sem gerir fyrirtækjum og einstaklingum kleift að binda kolefni með skógrækt og landgræðslu og kolefnisjafna með því starfsemi sína. Starfsemi sjóðsins lá að mestu niðri í allmörg ár eftir efnahagshrunið en nú fer áhugi á kolefnisjöfnun aftur vaxandi. Á árunum 2017 og 2018 hafa stofnendur Kolviðar unnið að frágangi stefnuskjals sem m.a. skilgreinir hlutverk, helstu gildi og framtíðarsýn sjóðsins ásamt því að leggja fram stefnumótandi áherslur og aðgerðir til næstu fimm ára. Í þessari vinnu hefur Landvernd lagt áherslu á að viðskiptavinir sjóðsins geti kolefnisjafnað sig með ræktun og endurheimt hreinna birkiskóga, auk hinna hefðbundnu blandskóga.

Votlendissjóðurinn

Landvernd er aðili að Votlendissjóðnum sem stofnaður var snemma árs 2018. Markmið sjóðsins er að stöðva losun 10 milljón tonna af koltvíoxíði með því að endurheimta votlendi landsins, en stórum hluta þess var raskað með ríkisstyrktri framræslu um og eftir miðja síðustu öld. Losun frá framræstu votlendi er talin nema um eða yfir 70% af heildarlosun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi. Með endurheimt mýranna næst því mikilvægur árangur í loftslagsmálum en líka í almennri náttúruvernd því mýrarnar gegna margvíslegu hlutverki öðru en að tempru loftskipti, þær eru líka búsvæði plantna og dýra, miðla vatni, tempru flóð og bæta vatnsgæði.



Votlendi. Mynd: Luca Baggio

Votlendissjóðurinn hefur þann tilgang einan að tengja saman þá sem eiga framræst votlendi og þá sem vilja greiða fyrir endurheimt þess undir formerkjum samfélagslegrar ábyrgðar. Landeigendur og fyrirtæki fá viðurkenningu fyrir framlag sitt m.a. í formi vörumerkis sem nýta má í markaðslegum tilgangi. Til að staðfesta raunverulegan árangur munu sérfræðingar Landgræðslu ríkisins meta losun gróðurhúsalofttegunda fyrir og eftir endurheimt og fylgjast með breytingum á hæð grunnvatns. Þá munu Fuglavernd og Rannsóknarsetur Háskóla Íslands á Suðurlandi þjálfa sjálfbodaliða í að telja fugla sem mælikvarða á árangur í endurheimt lífbreytileika.

Dr. Jane Goodall og Roots & Shoots

Samstarf Landverndar við Jane Goodall, eina þekktustu vísindakonu heims, hófst í júní 2016. Landvernd var á meðal skipuleggjenda heimsóknar hennar til landsins það ár og hélt hún m.a. opið erindi fyrir fullu húsi í Háskólabíói. Einnig stóð Landvernd fyrir námskeiði sem fjallaði um störf Jane ásamt Roots & Shoots viðburði í Háskóla unga fólksins. Nemendur í Grunnskólanum Hellu og Hvolsskóla fengu þar tækifæri til að kynna fyrir henni Vistheimtarverkefni Landverndar og fóru þess á leit við hana að gerast verndari verkefnisins. Jane þáði boðið með þökkum og var Vistheimtarverkefnið þar með orðið eitt af fyrstu Roots and Shoots verkefnum Íslands og jafnframt það stærsta.

Roots & Shoots

Roots & Shoots (R&S) eru alþjóðleg ungmennasamtök Jane Goodall þar sem hvatt er til góðra verka í þágu umhverfis, dýra og samfélags. Hugmyndafraeði R&S og Skóla á grænni grein er mjög lík og því geta grænfánaskólar nýtt sér aðferðafræði R&S þegar valin eru verkefni. Sumarið 2018 er R&S fundur í Bretlandi og fer Ísak Ólafsson, nemandi í Kvinnaskólanum í Reykjavík og áhugamaður um störf Jane Goodall, sem fulltrúi Íslands en hann var tilnefndur af Landvernd. Ísak er verðugur fulltrúi því hann spilaði stórt hlutverk í að koma Kvinnaskólanum aftur inn í grænfánaverkefnið, en vinna við það lá niðri innan skólans í nokkur ár. Fjöldi erinda og kynninga var haldinn um verkefnið síðastliðið ár, jafnt í skólum sem fyrir aðra sem sýnt hafa hreyfingunni áhuga.

Heimildarmyndin Jane

Hópurinn sem fékk Jane til landsins árið 2016, þar á meðal Landvernd, stóð á síðasta ári fyrir sýningum á heimildamyndinni Jane í Bíó Paradís. Myndin fjallar um ævi og störf Jane Goodall þar sem áður óséð efni og viðtöl voru birt í fyrsta sinn.

Rannveig Magnúsdóttir, sérfræðingur hjá Landvernd, heldur utan um R&S á Íslandi.



Jane Goodall á spjalli við simpansa.



Útgáfa Landverndar



Vistheimt á gróðursnauðu landi

Á haustmánuðum 2017 gaf Landvernd út handbókina *Vistheimt á gróðursnauðu landi*. Höfundur er dr. Rannveig Magnúsdóttir verkefnisstjóri Vistheimtarverkefnis Landverndar. Bókin er í senn handbók og námsbók um endurheimt vistkerfa og er ætluð bæði nemendum og kennurum sem taka þátt í Vistheimtarverkefni Landverndar.



Öndum léttar

Í nóvember 2017 gaf Landvernd út handbókina *Öndum léttar*. Höfundur er dr. Rannveig Magnúsdóttir, verkefnisstjóri loftslagsverkefnis Landverndar. Leiðbeiningaritið gagnast sveitarfélögum við innleiðingu loftslagsverkefnisins og leiðbeinir um gerð kolefnisbókhalds og aðgerðaráætlunar í loftslagsmálum sveitarfélaga.




VirkJun vindorku á Íslandi

Í febrúar 2018 gaf Landvernd út stefnumótunar- og leiðbeiningarrit um virkjun vindorku á Íslandi. Ritið er unnið af Landvernd en um textavinnslu sá Þóroddur F. Þóroddsson. Stefna Landverndar byggist á náttúruverndarsjónarmiðum með almannahagsmuni að leiðarljósi. Vonast er til að framkvæmdaaðilar og sveitarfélög geti nýtt sér þessa stefnumörkun til að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif slíkra framkvæmda og til að koma í veg fyrir að ráðist verði í byggingu vindorkuvirkjana á svæðum þar sem miklar líkur eru á að þær hafi veruleg neikvæð áhrif á viðkvæma náttúru landsins. Einnig vonast samtökin til að stefnan marki upphafið af almennri umræðu um málefnið hér á landi.



Niðurstöður Norrænnar strandhreinsunar (e. Nordic Coastal Clean up)

Í apríl 2017 gaf Landvernd, ásamt samstarfssamtökum á Norðurlöndunum, út niðurstöður Norrænnar strandhreinsunnarrannsóknar sem fór fram þann 6. maí 2017. Strandhreinsanir áttu sér þá stað samtímis á öllum Norðurlöndunum. Á Íslandi var hreinsað á nokkrum stöðum á Snæfellsnesi, auk annarra staða á landinu. Landvernd vann náðið að skipulagningu strandhreinsunarinnar með Svæðisgarðinum Snæfellsnesi, EarthCheck Snæfellsnesi, Lionshreyfingunni á Íslandi og Bláa hernum. Niðurstöðurnar sýna að uppruni plastsins sem safnaðist er að stórum hluta úr iðnaði og sjávarútvegi auk umbúðaplats. Rannsóknin var unnin í samvinnu samtakanna, Hold Norge Rent, Håll Sverige Rent, Hold Danmark Rent, Pidä Saaristo Siistinä ry (Finland) og Ringrás (Færeyjar).



Jarðstrengir á Vestfjörðum (e. Comparison of High Voltage Cables Iceland)

Í janúar 2018 var gefin út skýrsla um leiðir til þess að styrkja raforkuflutningskerfið á Vestfjörðum og hvernig megi bæta raforkuöryggi þar. Metsco, ráðgjafafyrirtæki á sviði raforkumála, vann skýrsluna fyrir Landvernd. Meðal niðurstaðna var að tífalda megi raforkuöryggi á Vestfjörðum með því að setja hluta Vesturlínu og fleiri línur á sunnanverðum Vestfjörðum í jörð. Þá muni fyrirhuguð virkjun Hvalár ekki bæta raforkuöryggi þar.



Fossinn Rjúkandi. Mynd: Tómas Guðbjartsson

Viðburðir

22. 6. 2017 Áttahagafræðsla fyrir fyrstu friðarfulltrúa Íslands

Höfði, friðarsetur Reykjavíkurborgar, stóð fyrir námskeiði fyrir 10-12 ára börn af ólíkum uppruna. Á námskeiðinu var unnið markvisst gegn fordómum og mismunun og buðu sérfræðingar Landverndar upp á áttahagafræðslu þar sem börnin lærðu um náttúrulegt landslag, fjöll, plöntur og lífverur í nærumhverfi sínu. Að námskeiðinu loknu voru þátttakendur útskrifaðir sem fyrstu friðarfulltrúa Íslands við hátíðlega athöfn í Höfða.



Verkefni sem unnið var í áttahagafræðslunni í Höfða

1.9. – 30. 9. 2017 Plastlaus september

Landvernd tók þátt í árvekníatakinu Plastlaus september og stóð fyrir fjölmörgum viðburðum því tengdu. Meðal annars var haldin kynning á plastlausum lífsstíl í Kringlunni á Degi íslenskrar náttúru, þann 16. september 2017. Rannveig Magnúsdóttir, sérfræðingur hjá Landvernd hélt einnig erindi um lausnir á plastvandanum á ráðstefnu átaksins „Plastgleði þín og plastsorg eru raunveruleg“.

8.9 – 9.9. 2017 Landvernd á fundi fólksins

Sérfræðingur frá Landvernd tók þátt í pallborði Norræna hússins um Norrænar og norðlenskar umhverfislausnir á lýðræðishátíðinni Fundi fólksins, sem haldinn var í Hofi á Akureyri dagana 8.-9. september 2017. Landvernd lagði til að minnka ætti neyslu og að mikilvægt væri að berjast gegn orsökum plastvandans með því að hætta alfarið notkun einnota plastumbúða.

16. 10. 2017 Opinn fundur um umhverfisstefnu stjórnmalaflokkanna

Landvernd, ásamt Fuglavernd og Náttúruverndarsamtökum Íslands, efndi til opins fundar um stefnu stjórnmalaflokkanna í umhverfismálum. Fundurinn var haldinn í Norræna húsinu og var vel sóttur. Spurt var um stefnu flokkanna varðandi stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu og verndun lífríkis hafsins hér heima og á alþjóðavettvangi. Á fundinum má segja að stóriðjustefnan hafi endanlega verið slegin af en fulltrúar Viðreisnar, Bjartrar framtíðar, Pírata, Samfylkingarinnar, Framsóknarflokksins, Sjálfstæðisflokksins og Vinstri grænna voru sammála um að stóriðjan hefði sungjið sitt síðasta. Flestir flokkar lýstu sig jafnframt hlynnta stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu. Flokkur fólksins og Miðflokkurinn áttu ekki fulltrúa á fundinum.

7.4. – 8.4. 2018 Umhverfihátíð Norræna hússins

Landvernd tók þátt í Umhverfihátíð Norræna hússins helgina 7.-8. apríl 2018. Landvernd var með bás alla helgina og bauð auk þess uppá Umhverfisskóla fyrir hressa krakka þar sem þau lærðu um örplast, flokkun og hvað hægt er að nota í staðinn fyrir plast. Hátíðin var mjög vel sótt og fékk góða fjölmíðlaumfjöllum.



Rekstrarreikningur ársins 2017

Rekstrartekjur:	2017	2016
Árgjöld.....	38.110.341	31.041.635
Almennir styrkir.....	25.445.016	10.992.560
Verkefnatengdar tekjur og styrkir.....	46.557.411	45.910.202
Umsýslu- og aðstöðugjald.....	6.742.100	5.578.956
Aðrar tekjur.....	396.667	2.343.392
	<u>117.251.535</u>	<u>95.866.745</u>
Rekstrargjöld:		
Laun og tengd gjöld.....	28.036.600	24.320.491
Verkefnatengd gjöld.....	51.894.122	48.133.878
Önnur rekstrargjöld.....	29.676.935	25.464.049
Afskriftir.....	193.187	378.871
Fjármagnstekjuskattur.....	113.797	112.637
	<u>109.914.641</u>	<u>98.409.926</u>
Hagnaður (tap) fyrir fjármuna- og fjármagnsliði.....	7.336.894	(2.543.181)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:		
Fjármunatekjur.....	1.914.396	1.344.479
Fjármagnsgjöld.....	(24.193)	(142.828)
	<u>1.890.203</u>	<u>1.201.651</u>
Hagnaður (halli) ársins.....	<u>9.227.097</u>	<u>(1.341.530)</u>

Efnahagsreikningur ársins 2017

Eignir:	2017	2016
Fastafjármunir:		
Varanlegir rekstrarfjármunir:		
Jörðin Alviðra og Öndverðanes II.....	9.224.450	9.417.637
Áhöld.....		
Langtímakröfur:		
Verðbréfaeign Hússjóðs.....	20.159.325	18.882.539
Fastafjármunir alls.....	<u>29.383.775</u>	<u>28.300.176</u>
Veltufjármunir:		
Birgðir, bækur o.fl.....	680.000	680.000
Kröfur og fyrirfram greidd gjöld.....	15.883.331	12.431.916
Handbært fé.....	24.365.206	18.910.786
Veltufjármunir alls.....	<u>40.928.537</u>	<u>32.022.702</u>
Eignir alls.....	<u>70.312.312</u>	<u>60.322.878</u>
Skuldir og eigið fé:	2017	2016
Eigið fé:		
Eigið fé.....	60.147.751	50.920.654
Skuldir:		
Skammtímaskuldir:		
Skuldbindingar vegna móttækinna styrkja.....	5.675.000	7.200.000
Ýmsar skammtímaskuldir.....	4.489.561	2.202.224
Skuldir alls.....	<u>10.164.561</u>	<u>9.402.224</u>
Skuldir og eigið fé, alls.....	<u>70.312.312</u>	<u>60.322.878</u>



Stiklur úr starfi Landverndar

Norrænt tengslanet um nám fullorðinna

Landvernd er aðili að *Norrænu tengslaneti um nám fullorðinna til sjálfbærrar þróunar* sem stendur fyrir samstarfi um endurmenntun á sviði fullorðinsfræðslu. Þann 12. október 2017 var haldin málstofa innan tengslanetsins í Kaupmannahöfn sem um 50 þátttakendur sóttu. Heiðursgestur var Arjen Wals, en hann er prófessor í umbreytandi námi og formaður sjálfbærrar þróunar hjá UNESCO. Caitlin Wilson, starfsmaður Landverndar, tók við formennsku í tengslanetinu í mars 2018. Markmið tengslanetsins í ár er að bjóða upp á endurmenntun fyrir kennara. Jafnframt munu fulltrúar þess taka þátt í ráðstefnunni „Transforming for Sustainability“ sem haldin verður í Kaupmannahöfn í ár á vegum UN City í Kaupmannahöfn og Hróarskelduháskóla.



Arjen Wals heldur kynningu á málstofu Norræna tengslanetsins

UNIQUE ICELAND / Ljósmyndari styrkir Landvernd

Í maí 2017 kom út ljósmyndabókin *Unique Iceland*. Bókin hefur verið ein mest seldla landkynningarbókin á árinu og lætur Kristján Ingi Einarsson, höfundur bókarinnar, 5% af söluandvirði hennar renna til Landverndar. Kristján Ingi og Landvernd gerðu með sér samning um að styrkurinn yrði afhentur árlega á Degi íslenskrar náttúru, þann 16. september. Fyrsti styrkurinn var afhentur Landvernd á þeim degi síðastliðið haust og mun hann renna til strandhreinsunarverkefnis Landverndar, Hreinum Ísland.



Bókin *Unique Iceland* eftir Kristján Inga Einarsson

Samstarfssamningur endurnýjaður

Í febrúar 2017 undirrituðu Landvernd og WOW air samstarfssamning sem felst í því að flugfélagið býður flugfarþegum að styrkja samtökin með myntsöfnun um borð í vélum sínum. Sérstakt umslag hefur verið í sætisvösum allra WOW air flugvéla og hafa farþegar verið hvattir til þess að gefa afgangsmýnt til Landverndar. Féð er nýtt til að vinna að endurheimt votlendis og birkiskóga í þágu loftslagsmála, til landgræðsluverkefna og til að vinna að stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands. Að auki kom WOW air með mótframlag að sömu upphæð og safnast hafði um borð. Söfnunin gekk vel og var undirritaður nýr samstarfssamningur í apríl 2018.



Fulltrúar Landverndar og WOW air við endurnýjun samstarfssamnings í apríl 2018

Varðliðar umhverfisins

Varðliðar umhverfisins er verkefnasamkeppni grunnskólabarna í 5. til 10. bekk sem Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, Landvernd og Náttúruskóli Reykjavíkur standa að. Verðlaunin í ár voru að venju veitt á Degi umhverfisins, þann 25. apríl. Tveir skólar hlutu verðlaun að þessu sinni, Brúarskóli í Reykjavík, fyrir verkefni um vatn, og Grundaskóli á Akranesi, fyrir verkefni sem sneri að því að hafa áhrif á nærsamfélag sitt. Þá hlaut Selma Rebekka Katoll einstaklingsviðurkenningu fyrir pokastöð sem hún setti á laggirnar í Melabúðinni ásamt pokastöðinni Vesturbæ.



Lambagras. Mynd: Snorri Baldursson



LANDVERND
ICELANDIC ENVIRONMENT ASSOCIATION